

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

# Kostir og ókostir móttökudeilda í grunnskólum

Anna Björk Hjörvar  
Benný Ósk Jökulsdóttir



Kennaraháskóli Íslands

Grunnskólabraut

Apríl 2008

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

# Kostir og ókostir móttökudeilda í grunnskólum

Anna Björk Hjörvar

030873-3009

Benný Ósk Jökulsdóttir

021179-5079

Kennaraháskóli Íslands

Grunnskólabraut

Apríl 2008

Leiðbeinandi: Guðrún Pétursdóttir

## Ágrip

Tilgangur þessa verks er að kanna kosti og ókosti móttökudeilda fyrir innflytjendur í grunnskólum landsins.

Rannsóknin var eigindleg. Við tókum viðtöl við einstaklinga, fórum í heimsóknir og sendum spurningalista með tölvupósti. Val okkar á þátttakendum var markmiðsúrtak sem byggðist á reynslu viðmælenda okkar og þekkingu þeirra á fjölmenningu. Þátttakendur voru kennarar, deildarstjórar og skólastjórar fjögurra skóla, foreldrar barna sem hafa verið í móttökudeild, foreldrar barna sem kusu að setja börn sín ekki í móttökudeild og Hulda Karen Daníelsdóttir kennsluráðgjafi hjá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Upplýsingaöflunin fór að mestu fram á tímabilinu 15. janúar til 25. febrúar 2008. Aðferðin sem var notuð, var viðtöl við þátttakendur og heimildaleit með beinni gagnaöflun. Gögnin voru greind niður eftir þema. Einnig var stuðst við skriflegar heimildir.

Kostir móttökudeilda að okkar mati eru m.a. að í móttökudeildum hefur mikil reynsla og þekking safnast fyrir. Hugmyndafræðin og kennsluáðferðirnar sem eru notaðar í móttökudeildum hafa sýnt árangur bæði hérlendis og út í heimi. Ókostirnir eru m.a. þessi mikla hætta á aðgreiningu nemenda.

Niðurstöður okkar eru þær að sú þekking og reynsla sem safnast hefur saman í móttökudeildum sé gífurlega mikilvæg fyrir fjölmenningslega kennslu. Hins vegar er mjög misjafnt hversu vel starfið er á veg komið í hverju skóla. Okkar niðurstaða er sú að mikilvægast sé að innflytjendur fari í þá skóla sem þekking, reynsla og viljinn til að gera vel er til staðar og einhver úrræði eru fyrir innflytjendur óháð því hvort að skólinn hafi móttökudeild eða ekki. Grunnskólinn í Grindavík er gott dæmi um slíkt. Vekja þarf meiri áhuga á þessu málefni innan skólanna og þjálfra kennara og starfsfólk. Næg fræðsla er í boði, ef áhuginn er fyrir hendi, en bæta má fjölmenningu inn í grunnnám kennara.

Reykjavík 29. apríl 2008.

---

Anna Björk Hjörvar

---

Benný Ósk Jökulsdóttir



## **Þakkarorð**

Við viljum þakka Guðrún Pétursdóttur kærlega fyrir leiðsögnina og Stefaníu Ólafsdóttir og Sjöfn Hjörvar fyrir yfirllesturinn. Einnig erum við afar þakklátar þeim kennurum, skólastjórum, foreldrum og fagaðilum sem svöruðu spurningum okkar og öllum öðrum sem veittu okkur aðstoð og stuðning við vinnuna.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Skilgreiningar nokkurra hugtaka .....	5
Fjölmenningarstefna Reykjavíkurborgar .....	11
Lög og reglur sem varða grunnskólann.....	12
Fjölmenningarleg kennsla .....	14
Mikið hefur verið skrifað um fjölmenningarlega kennslu.....	14
Hlutverk kennarans í fjölmenningarlegri kennslu .....	18
Kennsla nemenda með íslensku sem annað mál í almennum bekk ..	19
Móttökudeildir á Íslandi .....	21
Móttaka og innritun barna í móttökudeild .....	23
Móttökudeild Austurbæjarskóla .....	24
Móttökudeild Breiðholtsskóla.....	26
Móttökudeild Háteigsskóla .....	27
Grunnskóli Grindavíkur .....	28
Að hefja nám í hverfisskóla að námi loknu í móttökudeild.....	30
Reynsla nemenda og foreldra af móttökudeildum .....	30
Foreldrar sem hafa kosið að setja barn sitt í móttökudeild.....	30
Foreldrar sem hafa kostið að setja barn sitt ekki í móttökudeild.....	32
Reynsla og frásögn kennara sem kenna blönduðum bekk .....	34
Menntun kennara.....	35
Kostir móttökudeilda.....	36
Ókostir móttökudeilda.....	37
Niðurstöður.....	39
Heimildaskrá .....	42
Fylgiskjöl.....	47

## Inngangur

Innflytjendum á Íslandi hefur fjölgað gífurlega síðustu ár en það hefur orðið til þess að við Íslendingar þurfum að laga okkur að nýjum aðstæðum í samfélaginu. Árið 2001 var fjölmeningarstefna Reykjavíkur sett fram. Í framhaldinu varð mikil vitundarvakning í þjóðfélaginu í málefnum innflytjenda. Fyrir þann tíma voru ákveðnar móttökudeildir, sem sérstaklega voru ætlaðar innflytjendum, á sex stöðum á landinu. Þær voru í Austurbæjarskóla, Breiðholtsskóla, Háteigsskóla, Hjallaskóla í Kópavogi, Myllubakkaskóla í Keflavík og í Oddeyrarskóla á Akureyri. Að okkar mati, hefur af hinum ýmsu ástæðum, átt sér stað mikil og fjölpætt umræða um málefni innflytjenda á Íslandi. Því ákváðum við að gera það að viðfangsefni okkar, að skoða kosti og ókosti móttökudeilda í grunnskólum á Íslandi. Í ritgerðinni eru notuð fræðileg hugtök sem við leitumst við að skilgreina, eftir því sem við þá.

Tilgangurinn með ritgerðinni er að athuga kosti og ókosti móttökudeilda. Til þess þurftum við að taka viðtöl og fara í heimsóknir til kennara móttökudeilda, annarra kennara, fagaðila og foreldra barna sem annað hvort hafa verið í móttökudeild eða ekki. Einnig er það tilgangur okkar með þessari ritgerð að veita innsýn í starf móttökudeilda og að skoða þá skóla sem ekki hafa sérstakar móttökudeildir.

Markmið rannsóknarinnar er að fá að kynnast viðhorfum foreldra barna af erlendum uppruna, til móttökudeilda, ásamt því að skoða kosti og ókosti móttökudeilda, og hvað sé best fyrir börn innflytjenda í þessum málum?

Rannsóknin er eigindleg og tókum við viðtöl við einstaklinga, fórum í heimsóknir og sendum í einhverjum tilfellum spurningarlista. Val okkar á þátttakendum er markmiðsúrtak sem byggist á reynslu viðmælenda okkar og þekkingu þeirra á þessu sviði. Þátttakendur eru kennarar, deildarstjórar eða skólastjórar fjögurra skóla, foreldrar barna sem hafa verið í móttökudeild, foreldrar barna sem kusu að setja börn sín ekki í móttökudeild og Hulda Karen Daníelsdóttir kennsluráðgjafi Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Allir voru tilbúnir að koma fram undir nafni og því er engin nafnleynd. Upplýsingaöflunin fór að mestu fram á tímabilinu 15. janúar til 25. febrúar 2008. Fyrir utan tvö viðtöl í marsmánuði. Aðferðin, sem var notuð var, viðtöl við þátttakendur og heimildaleit með beinni



gagnaöflun sem tekin voru upp á segulband og afrituð. Einnig var stuðst við skriflegar heimildir.

## Skilgreiningar nokkurra hugtaka

Í þessum kafla verða skilgreind nokkur hugtök sem m.a. tengjast fjölmenningu og fjölmenningslegri kennslu. Þau koma þó ekki endilega öll fyrir í ritgerðinni en eru þó sérstaklega hugsuð til að styðja við skilgreiningar annarra hugtaka.

**Blandaðir bekkir:** Þegar talað er um blandaða bekki í grunnskólum er átt við bekki þar sem saman sitja ólíkir nemendur á margan hátt. Það eru nemendur sem eru með mismunandi getu og færni. Þetta geta t.d verið Íslendingar, nemendur með íslensku sem annað mál, nemendur með hegðunarvandamál, raskanir, fatlaðir nemendur o.s.frv saman í blönduðum bekk (Kristín Eypórsdóttir 2008).

**Clim kennsluáðferðin (co-operative learning in multicultural groups):** Er einnig kölluð SAFN-áðferðin hérlandis (samvinnunám í fjölbreyttum nemendahóp).

Áðferðin byggir á hugmyndafræði samvinnunáms þar sem allir nemendur geta notið sín. Markmiðið er að efla nemendur í mannlegum samskiptum og að takast á við fjölbreytileika. Þessi áðferð er talin henta vel í blönduðum bekkjum. SAFN – verkefni eru fyrirfram útbúnir „kennslupakkar“ með efni og kennsluleiðbeiningum. Hvert verkefni fjallar um ákveðið viðfangsefni, sem getur í raun tengst hvaða efni sem er, en mikilvægt er að þau séu útbúin eftir ákveðnum grunnreglum þannig að virkni og sjálfstæði nemenda sé sem mest og að þau reyni á ólíkar „greindir“ nemenda (Guðrún Pétursdóttir 2003:25–26).

**Einstaklingsmiðuð nám:** Í einstaklingsmiðuðu námi er lögð áhersla á einstaklinginn og þarfir hans í náminu. Það er gert með það að markmiði að í kennslustofunni fái sérhver nemandi að njóta sín á eigin forsendum. Nemendur þurfa t.d ekki endilega að vera allir að læra það sama á sama tíma heldur geta þeir verið að fást við ólík viðfangsefni, misþungt efni, hver á sínum hraða einir síns liðs eða í hópum. Þar sem haldið er fram einstaklingsmiðuðum áðferðum er yfirleitt lögð áhersla á ábyrgð nemenda á eigin námi og á virka þátttöku þeirra (Ingvar Sigurgeirsson 2004).

**Fjölgreind:** Fjölgreindarkenningin sem kennd er við Howard Gardner, sálfræðing og Prófessor, við Harvard háskóla. Kenning Gardners byggir á því að greind mannsins samanstandi af 7 eða fleiri jafngildum greindarsviðum. Þessi svið þroskast mismunandi og á ólíkum tíma hjá hverri manneskju. Þau eru samtengd, þ.e. ef eitt

greindarsvið þróað þá þroskast hin. Einstaklingar læra með ólíkum hætti hvaða greindarsvið eru sterkust hjá þeim og þeir bregðast misvel við kennsluáferðum. Greindirnar eða greindarflokkarnir eru: rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, náttúrugreind, tónlistargreind, málgreind, samskiptagreind og sjálfsþekkingargreind (Armstrong 2001:14-15).

**Fjölmennning:** „Í íslensku er orðið „fjölmennning“ yfirleitt ekki notað eitt og sér heldur sést það frekar í samsetningum eins og „fjölmennningarlegt samfélag“, „fjölmennningarlegur skóli“, „fjölmennningarlegur vinnustaður“ og svo framvegis. Í því samhengi er yfirleitt átt við staði þar sem ólíkt fólk með margvíslega menningu (menntun, aldur, kyn, kynhneigð, lífsstíl, hefðir, siði, klæðaburð, mataræði, tungumál, trúarbrögð, viðhorf, gildi, uppruna og þjóðerni) býr og starfar saman á jafnréttisgrundvelli“ (Vísindavefur 2008).

**Fjölmennningarleg kennsla:** „er hugtak (þýðing á enska orðinu „ intercultural education“ og þýska orðinu „ interkulturelle Erziehung“) sem notað hefur verið um þá uppeldisstefnu eða uppeldisáherslur, sem sýnt hafa fram á ákveðnar lausnir á þeim vandamálum sem skapast geta í fjölmennningarlegum samfélögum. Settur hefur verið fram fjöldinn allur af skilgreiningum á fjölmennningarlegri kennslu á undanförunum árum. Allar hafa þær þó einhvers konar sameiginlegan kjarna: Þær eru svar við sameiginlegri búsetu fólks af mismunandi uppruna og með mismunandi menningarlegan bakgrunn, svar við vaxandi fjölbreytileika í samfélaginu, þ.e hinu fjölmennningarlega samfélagi“ (Guðrún Pétursdóttir 2003:11).

**Fjölmennningarhyggja:** „Fjölmennningarhyggja er hugmyndafræði sem lítur að samskiptum milli menningarhópa innan sama samfélags“ (Vísindavefur 2006).

**Fjölmennningarhæfni:** Hæfni til að lifa og starfa í fjölmennningarlegu samfélagi (Guðrún Pétursdóttir 2003:43).

**Fjölmennningarlegt samfélag:** Samfélag sem einkennist t.d af því, að í því býr fólk, með mismunandi menningarlegan bakgrunn, er af ólíkum uppruna, þjóðerni, iðkar mismunandi trúarbrögð svo dæmi séu tekin. Fjölmennningarlegt samfélag á við um þá einstaklinga sem búa á sama landsvæði, hefur samskipti hvert við annað, skilja

fjölbreytileikann og virða ólík viðmið og gildismat annarra. Fólk sér fjölbreytileikann á jákvæðan hátt frekar en í neikvæðu ljósi. Í fjölmenningarlegu samfélagi á sér stað gagnkvæm aðlögun (Guðrún Pétursdóttir 2003:155).

**Fordómar:** Fordómar eru að dæma fyrir fram án þess að vita. Þegar einhver fordæmir einstakling eða einhvern ákveðinn hóp fólks á forsendum þekkingarleysis eða staðalmynda. En hvernig getum við dæmt fólk eða hluti án þess að þekkja til þess á einhvern hátt? Fólk alhæfir út frá staðalmyndum. Fræðimenn telja að fordómar séu ekki meðfæddir heldur áunnir úr umhverfinu (Gannon, Mary 2002:90).

**Innflytjandi:** „ Með hugtakinu innflytjandi (e. immigrant) er átt við útlending sem sest hefur að til langframa í landinu en er fæddur erlendis eða báðir foreldrar einstaklings séu fræddir erlendis eða hafi einhvern tíma haft erlent ríkisfang. Innflytjendur eiga það sameiginlegt að hafa annað mál en íslensku að móðurmáli“ (Félagsmálaráðuneyti 2007).

**Kynþáttur:** Er hópur fólks sem er hefur sömu líkamleg eða útlitsleg einkenni. Ákveðnir eiginleikar eru tengdir hverjum kynþætti sem leiðir til þess að staðalmyndir af einstaklingum eru búnar til. Svona hljóðaði skilgreining um kynþátt á 18. og 19. öld. Með erfðarannsóknum vísindamanna í seinni tíð hefur verið sýnt fram á að allar mannverur eru vísindalega eins, sem þýðir að kynþáttur hefur ekkert með húðlit o.þ.h. að gera. Í dag er sagt að ekki séu til neindir ákveðnir kynþættir þrátt fyrir ólíka einstaklinga (Guðrún Pétursdóttir 2003:157).

**Kynþáttahatur (rasismi):** „ Rasismi er margslungið fyrirbæri, sem byggir á flókinni samsetningu viðhorfa og hegðunar gagnvart fólki af ákveðnum etniskum uppruna. Hér er aðeins unnt að minnst á örfáa þætti rasisma en oftast byggir hann á: Þeirri trú að líkamlegur/menningarlegur mismunur ( svo sem húðlitur, tungumál, þjóðerni, trúarbrögð o.s.frv.) sé í beinu samhengi við mismunandi persónuleika, greind eða getu og þessi trú leiðir til fullyrðinga um yfirburði ákveðins „ kynþáttar“ yfir öðrum. Félagslegur og efnahagslegur valdi eins etnísks hóps til að setja slík viðhorf í framkvæmd og til þess að mismuna sínum etníska hópi í dag“ (Guðrún Pétursdóttir 2003:161).

**Menning:** Hugtakið menning er mjög vítt hugtak og því veur athygli að orðið skuli bara vera til í eintölu í íslensku máli. Hugtakið tengist listum, s.s tónlist, bókmenntum, leiklist og fleira. Það er í raun tengt öllu því sem maðurinn tekur sér fyrir hendur. Samkvæmt *Orðabók Menningarsjóðs* er *menning* „þroski mannglegra eiginleika mannsins, það sem greinir hann frá dýrum, þjálfun hugans, andlegt líf.“ Menning á líka við hóp fólks sem hefur sömu gildi, trú, hefur valið svipaða lífnaðarhætti, hefur svipaðar skoðanir og hegðun. Segja má að við séum fædd inn í ákveðna menningu sem við lærum svo á, á fyrstu æviskeiðum lífsins (Abad, Juan de Vicente 2004:28-29).

**Menningaráfall:** Þegar innflytjandi kemur til landsins og þekkir ekki aðstæður og getur ekki nýtt sér fyrri reynslu í nýjum aðstæðum verður það til þess að einstaklingurinn fyllist streitu og kvíða. Unglingar eru í mesta áhættuhópnum hvað þetta varðar því að álagið sem fylgir þeim breytingum sem verða við það að flytja til annars lands leggst þyngst á þennan aldurshóp. Það sem helst er hægt er að gera til að koma í veg fyrir menningaráfall nemenda er t.d að við tökum á móti nemendum með hlýhug, kynnum okkur bakgrunn þeirra og öflum okkur upplýsinga um einstaklingana og að við látum þá finna að þeir séu mikilvægir.

Menningaráfall skiptist í 5 stig:

Fyrsta stigið sem er oft einnig kallað hveitibrauðsstigið. Á þessu stigi er talað um spennu og væntingar, t.d. spennan yfir því að vera í nýju landi.

Annað stigið er talið það erfiðasta því að því má líkja við áfall. Á þessu stigi líður fólki yfirleitt illa á fleiri en einu sviði. Fólk verður kjarklítið og fer að hafa allskonar óþarfa áhyggjur. Oft leiðir þetta stig til þess að nemendur eiga erfitt með einbeitningu sem verður til þess að þeir eiga erfiðara með að læra nýja tungumálið. Á þessu stigi sér fólk oft bara eina undankomuleið og það er eins og hlutirnir eru gerðir í þeirra heimalandi og hvernig þeir eru í þeirra menningu. Þetta kallast þjóðhverfa eða það að þeirra menning, kynþáttur og þjóð sé best og allt sem gerist þar sé best og réttast. Á þessu stigi draga nemendur sig oft í ákveðna hópa, m.ö.o nemendur ákveðinna þjóða hópast saman og gera allt saman og verða jafnan fyrir fordómum.

Þriðja stigið einkennist af því að nemendur fara að aðlagast nýjum háttum. Hér eru nemendur oft búnir að læra að bjarga sér á nýja tungumálinu og geta farið að hafa samskipti við heimamenn eða í okkar tilfelli Íslendinga.

Á fjórða stiginu er innflytjandinn

búin að aðlagast nokkuð vel og farinn að taka fullan þátt í samfélaginu. Innflytjendurnir eru hér jafnvel hættir að aðgreina sig frá þeim íslensku.

Fimmta stigið er oft kallað menningaráfall afturábak. Þetta á við um það ef fólk fer aftur til síns heima og finnst þeir ekki getað aðlagast sínu gamla samfélagi aftur því þeir hafa verið of lengi í burtu (Breiðholtsskóli 2008).

**Móðurmál:** Það tungumál sem barn lærir fyrst (Vísindavefur 2008).

**Móttökudeild:** Deild í grunnskólum sem tekur á móti nemendum sem eru nýkomnir til landsins og kunna ekki íslensku. Deildin hefur það markmið að nemendur læri íslensku á sem stystum tíma og öðlist færni í að nota íslensku í daglegu lífi. Einnig undirbýr móttökudeild nemendur undir nám í eigin hverfisskóla og gefur þeim og fjölskyldum þeirra innsýn í íslenska menntakerfið. Segja má að deildin sé nokkurs konar öruggt hreiður fyrir nemandann þegar hann er nýkominn til landsins ( Nína V. Magnúsdóttir 2008).

**Nýbúi:** Orðið átti upphaflega að koma í stað orðsins „útlendingur“ og var jafnvel ætlað að hafa svipaða merkingu og orðið „migrant“ á ensku. Þetta orð tekur til þess fólks sem flutt hefur frá heimalandi sínu og ákveður að setjast að í nýju landi. Er talið frekar neikvætt orð í dag (Guðrún Pétursdóttir 2003:160).

**PBS styrkingarkerfi (positive behavior support ):** Er kerfi sem notað er til að styrkja jákvæða hegðun nemenda í grunnskólum (PBS 2008).

**Skóli án aðgreiningar:** Skóli án aðgreiningar er skóli sem er fær um að sinna öllum nemendum sínum, óháð stöðu þeirra. Grundvallarreglan er sú að öll börn eigi, hvernig sem því er við komið, að læra saman, hvað sem líður mun á þeim og hugsanlegum erfiðleikum. Skóli fyrir alla er skóli fyrir fatlaða, ófatlaða, innflytjendur, nýbúa, heimamenn, aðkomumenn og jafnvel enn fleiri. Skóli án aðgreiningar á að tryggja öllum jöfn tækifæri í námi, félagslífi og starfi (Aðalnámskrá grunnskóla 2006:11).

## Fjölmennning

Fjölmennning er ekki bara ólíkir menningarheimar með tilliti til þjóðernis, litarháttar o.s.frv. heldur á hún við um allan fjölbreytileikann sem er í landinu. Fjölmennning á Íslandi með tilliti til innflytjenda hefur aukist gífurlega síðustu ár. Fyrir um 10 árum var tala innflytjenda miklu lægri en hún er í dag, árið 2008. Árið 1998 var hlutfall innflytjenda 2,1% en í dag er hlutfallið komið upp í 6,8%. Sjá fylgiskjal 1. Með þessari breytingu hefur Ísland orðið margbreytilegra á margan hátt. Fólk kemur alls staðar að úr heiminum og menning, trúarbrögð, tungumál o.fl. eru fjölbreytilegri. Þetta hefur orðið til þess að reynsla og þekking á fjölmenningu og fjölmennningarlegri kennslu hefur aukist. Mikilvægt er að innflytjendur upplifi að þeir séu velkomnir hér á landi. Við þurfum að aðlaga Íslendinga að breyttum aðstæðum þannig að þeir sjái kosti þess að hér sé fjöldi innflytjenda og aðlögunin sé gagnkvæm.

Bhikhu Parekh prófessor í stjórnmálafræði í Bretlandi er þeirrar skoðunar að menningarlegur fjölbreytileiki í nútímasamfélagi sé þrenns konar.

- 1) Þó að íbúar ákveðins ríkis eigi sér sameiginlega menningu er ekki þar með sagt að þeir hafi sömu skoðanir á hinum ýmsu málefnum og sömu venjur.
- 2) Íbúar ákveðins ríkis geta vegna skoðana sinna reynt að breyta ríkjandi menningu.
- 3) Nútímasamfélög innihalda í flestum tilfellum nokkur minni samfélög sem lifa samkvæmt eigin gildum, trú og skoðunum, t.d. innflytjendur og eldri samfélög tiltekinna hópa.

Þrátt fyrir að Bhikuhu Parek leggi áherslu á að fjölbreytileikinn sé þrenns konar þá eiga þessar þrjár skilgreiningar hans líka margt sameiginlegt. Í þeim samfélögum sem þessar þrjár tegundir fjölbreytileika eru og jafnvel fleiri eru hugtökin fjölmennningarhyggja (multicultural culturalism) og fjölmenningsamfélag (multicultural society). (Hanna Ragnarsdóttir 2007:18-19).

Fjölmennning á ekki bara við innflytjendur eða nemendur af erlendum uppruna heldur á það við um alla þætti, kyn, þjóðerni, hvaða stétt nemendur tilheyra, uppruna þeirra og fötlun svo eitthvað sé nefnt. Af því leiðir að hægt er að halda því fram að allir bekkir í skólum nú til dags séu fjölmennningarlegir.

Þar sem fjöldi innflytjenda hefur aukist gífurlega á Íslandi, eins og áður sagði, er mikilvægt að skólinn leggi sig fram um að koma til móts við þessa nemendur með

faglegri þekkingu. Kennslan verður að vera markviss og fagleg til að innflytjendur fái sem besta íslenskukennslu og geti aðlagast íslenskum aðstæðum.

Í Evrópu er hugtakið fjölmennning skilgreind á margan hátt. Það hefur jafnvel eitthvað með það að gera hversu löndin hafa ólíkar aðferðir til að móta fjölmennningarlegt samfélag og hvaða hlutverki skólakerfi hvers lands þjónar í þeirri mótun (Sirens, Sven 2000:9).

## **Fjölmennningarstefna Reykjavíkurborgar**

Árið 2001 var fjölmennningarstefna Reykjavíkurborgar samþykkt. Stefnan hefur það að leiðarljósi að:

„Að reykvískt samfélag fái notið fjölbreytni í mannlífi og menningu þar sem þekking, víðsýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenni samskipti fólks af ólíkum uppruna“

[http://gamli.reykjavik.is/default.asp?cat\\_id=272](http://gamli.reykjavik.is/default.asp?cat_id=272) [sótt 1.febrúar 2008].

Markmið fjölmennningarstefnu Reykjavíkurborgar er m.a. að draga úr fordómum, að börn af erlendum uppruna nýti sér íslenska skólakerfið og fái stuðning eftir þörfum. Einnig gerir stefnan kröfur um að íslensku nemendurnir aðlagist breyttum aðstæðum á Íslandi.

Í kjölfar fjölmennningarstefnu borgarinnar eru gerðar þær kröfur að skólar, leikskólar og aðrar þjónustustofnanir geti sinnt þörfum ólíkra einstaklinga með fjölmenningu í huga.

Helstu áherslubreytingar sem urðu með nýrri stefnu Reykjavíkurborgar og framtíðarsýn í menntamálum árið 2007, voru þær að í staðinn fyrir að örfáir skólar hefðu starfræktar móttökudeildir voru gerðar þær kröfur að allir skólar væru skólar án aðgreiningar. Í því felst að sérhver skóli á að geta tekið á móti öllum nemendum, íslenskum, erlendum, fötluðum o.s.frv. Þessar breytingar hafa hina ýmsu kosti og galla sem verður rætt um hér síðar. Að sjálfsögðu ætti, að okkar mati, sérhvert sveitarfélag að setja fram stefnu í þessum anda.



## **Fjöldi nemenda með erlent móðurmál**

Í kjölfar mikillar fjölgunar innflytjenda á Íslandi hefur fjöldi innflytjenda í grunnskólum landsins vaxið mikið á síðustu árum. Fjöldi innflytjenda í grunnskólum landsins haustið 2007 var 1731 en af þeim eru 1025 á höfuðborgarsvæðinu eða 59,2%. Sjá fylgiskjal 2. „Fjöldi nemenda með erlent móðurmál í grunnskólum landsins haustið 2007”. Sjá fylgiskjal 3. „Skipting nemenda eftir búsetu á höfuðborgarsvæði eða landsbyggðinni”.

## **Lög og reglur sem varða grunnskólann**

Síðan 1907 hefur verið skólaskylda á Íslandi. Þá náði hún einungis til 10-14 ára barna en í dag segja íslensk lög til um að öll börn á aldrinum 6-16 ára beri að gegna skólaskyldu í grunnskólum sem lýkur með samræmdum prófum í 10. bekk. Skólaárið byrjar í ágúst og endar í júní. Nemendur í 1. bekk eru 6 ára og eru í skólanum í 10 ár. Ríkið og sveitarfélögin kosta nemendur til náms. Það er á ábyrgð foreldra og forráðamanna að innrita barn sitt í skóla og sjá til þess að þau sinni skólaskyldunni. Sama gildir um innflytjendur.

Grunnskólalögin tóku gildi 1. mars 1995. Þau segja m.a til um reglur og skyldur grunnskólans, hvaða kröfur grunnskólinn þarf að uppfylla og skyldu sveitarfélaga til að sjá til þess að öll börn á aldrinum 6-16 ára sem eiga lögheimili í hverju sveitarfélagi sækji skóla á því svæði. (Grunnskólalögin 1. kafli, Markmið og skólaskylda sótt á [althingi.is](http://althingi.is)).

Í 2. gr. grunnskólalaga segir m.a.:

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins og skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfna hæfni þeirra til samstarfs við aðra (Lög um grunnskóla, nr.66/1995).

Í þessari grein segir að skólastarfið skuli í raun og veru vera lagað að nemendum. Leggja skal áherslu á nemandann og nám hans, þroski, geta og áhugi er það sem á fyrst og fremst að huga að.

Þetta getur m.a. átt við í fjölmenningslegri kennslu eða skóla án aðgreiningar því þar er leitast við að uppfylla þarfir hvers og eins nemanda og að allir nemendur hafi jafnan rétt til náms óháð kyni, þjóðerni, trú, skoðunum o.fl. Einnig er það eitt af hlutverkum fjölmenningslegrar kennslu að laga íslenska nemendur að breyttum aðstæðum sem hafa átt sér stað undanfarin ár og að aðlögunin sé gagnkvæm. Þetta kemur líka fram í Aðalnámskrá grunnskóla. Með öðrum orðum segir Aðalnámskrá grunnskóla m.a að hver skóli hafi það ábyrgðarhlutverk að sinna þörfum hvers einstaklings og að hver nemandi fái verkefni sem henta þeirra getu.

Aðalnámskráin segir til um að allir nemendur sem þurfa á einhvers konar stuðningi að halda, þar með talið innflytjendur, skuli fá þá aðstoð sem þeir þurfa til að geta tekist á við námið. Með nýrri Aðalnámskrá grunnskóla sem samþykkt var 2007 hefur ýmislegt breyst í sambandi við nemendur með íslensku sem annað mál frá Aðalnámskránni 1999. Í aðalnámskránni frá 1999 var talað um að nemendur með íslensku sem annað mál ættu rétt á tveimur stundum á viku í íslenskukennslu. Þetta ákvæði hefur verið tekið út í nýjustu útgáfunni. Að sögn Huldu Karenar Daníelsdóttur kennsluráðgjafa hjá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur takmarkaði þetta tíma nemandans of mikið. Í mörgum skólum, var lítið sem ekkert vikið frá þessu, þrátt fyrir að nemandinn hefði þörf fyrir meiri tíma. Í kennslu innflytjenda er sveigjanleikinn mikilvægur. Nemendur eru eins misjafnir eins og þeir eru margir og þörfin því mismikil.

„Eitt grundvallarviðmið í skólastarfi er jafnrétti til náms sem er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefnin skulu höfða jafnt til drengja og stúlkna, nemenda í dreifbýli sem þéttbýli og fatlaðra og ófatlaðra, óháð uppruna, trú og litarhætti. Aðalnámskrá grunnskóla leggur áherslu á að skólar búi bæði kynin undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og í samfélaginu” (Aðalnámskrá grunnskóla 2006:9).

Eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og skólayfirvalda í þessu sambandi er að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ.e. að veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins. Aðalnámskráin segir líka til um að

innflytjendur eigi að fá markvissa kennslu sem stuðlar að tvítýngi nemandans. Nemendur eru hvattir til að rækta sitt eigið móðurmál.

## Fjölmennningarleg kennsla

Mikið hefur verið skrifað um fjölmennningarlega kennslu.

„Fjölmenningarkennsla þýðir: sameiginlegur lærdómur fólks af mismunandi þjóðerni, fólks með mismunandi menningarlegan- og trúarlegan uppruna, fólks með mismunandi hæfni og ólíka getu á mismunandi sviðum“ (Guðrún Pétursdóttir 2003:11) .

Þó fjölmennningarleg kennsla sé oft skilgreind í Evrópu, eitthvað á þann veg, að hún eigi að:

„undirbúa börn og unglunga undir líf í fjölmennningarlegu- og alþjóðlegu-samfélagi“ (Sirens, Sven 2000: 9).

með það að markmiði að:

„aðlaga kennslu að væntingum og þörfum í menningarlega fjölbreyttum samfélögum“ (Sirens, Sven 2000: 9).

Þá er málið alls ekki alveg svona einfalt. Þessar skilgreiningar og aðrar svipaðar er m.a. að finna í evrópskum reglugerðum og stefnum og þær má frekar skilja sem tilmæli en beinar reglur enda eru þær viljandi orðaðar í sem víðustum skilningi og þess vegna hægt að túlka þær á margan hátt. Þetta gerir því þeim sem vinna með fjölmennningarlega kennslu svolítið erfitt fyrir (Sirens,Sven 2000:9-10).

Eftir seinna stríðið má segja að miklir fólksflutningar innflytjenda hafi farið að gera vart við sig í Evrópu. Skortur var á vinnuafli í Norður-Evrópu þó sérstaklega í Bretlandi, Frakkland, Þýskalandi og Hollandi sem varð til þess að fólk frá öðrum löndum hóf búferlaflutninga til þessara ofangreindu landa. Fjölmennningarleg kennsla á sér sínar ástæður eða rætur í hverju landi og því misjafna sögu og hefur þróast á misjafnan hátt. Ræturnar í Norður-Evrópu má þó helst rekja til vaxandi fjölda

innflytjenda á fimmta og sjötta áratugnum. Á þessum tíma stóðu stjórnámamenn frammi fyrir því að taka ákvarðanir um á hvaða hátt væri hægt að aðlaga innflytjendur að samfélaginu í löndum þeirra. Skólarnir og menntakerfið voru auðvitað sá vettvangur sem mestu máli skipti hvað þetta varðaði og því var hafist handa við að finna hvernig hægt væri sérstaklega að betrubæta menntun fyrir innflytjendur. Á þeim tíma sem hér um ræðir voru tvær gerðir af innflytjendum. Önnur gerðin var fólk frá nýlendum Bretlands, Frakklands og Hollands sem sagðist eiga jafn mikinn rétt á að vera í landinu eins og aðrir og litu á landið sem sitt heimaland. Seinni hópurinn kom frá Suður-Evrópu til iðnvæddu landanna í norðri vegna skorts á vinnuafli. Hins vegar breytti kreppan 1973 aðstæðum og fjölgun innflytjenda var lítil samfara henni. Áður fyrir höfðu innflytjendur unnið mikið þau störf sem heimafólk vildi ekki vinna. Svipuð þróun á sér jafnvel stað á Íslandi í dag með fiskvinnslu og önnur láglaunastörf. Þörfin fyrir innflytjendur minnkaði og heimamönnum fannst stafa ógn og hætta af innflytjendum þar sem ekki var þörf fyrir frekara vinnuafli. Innflytjendum var kennt um hvernig efnahagsástandið væri, kreppuna og að ástæðan væri sú að þeir væru búin að taka öll störfin í löndunum. Þetta varð til þess að margir þeirra snéru aftur til sinna fyrri heimkynna sem voru einnig í kreppunni miklu. Ein afleiðingin af þessu sem enn gætir áhrifa af, er sú að innflytjendur sem koma til Evrópu koma nú helst frá hinum svokölluðu þriðja heims ríkjum (Abad, Juan de Vicente 2004:15).

Frá 1960 byrjuðu nokkur lönd með sérstaka fræðslu sem hafði það markmið að mennta börn innflytjenda og annarra minnihlutahópa. Á áttunda áratugnum var byrjað að þróa stefnur í fjölmennningarlegri kennslu héraendis þar sem þetta hafði einungis talist innflytjendafræðsla áður. Innflytjendafræðslan var þannig að fjölskyldur sem fluttust til landsins áttu bara að samlagast íslensku samfélagi og gleyma sinni eigin menningu og bakgrunni. Í ljós kom að þetta hentaði nemendum af erlendum uppruna engan veginn sem varð til þess að stjórnvöld fóru að gera eitthvað í málum innflytjenda. Á þessum tíma var ætlast til þess að innflytjendur aðlöguðust þeim aðstæðum sem voru á Íslandi burtséð frá því hvaðan þeir komu eða hver bakgrunnur þeirra var. Ólíkir menningarheimar voru skoðaðir í skólum og þá oft í tengslum við þemadaga og þemanám. Áherslan innan skólanna var að kynna og hylla menningu þeirra nemenda sem voru innflytjendur í þeim skóla hverju sinni. Samkvæmt Guðrúnu Pétursdóttur eru þetta tveir af fjórum víðsjárverðum pyttum sem auðvelt er að falla í þegar taka á upp fjölmennningarlega kennslu. Þriðji pytturinn er

yfirborðskennd menningaráhersla. Í henni felst að einskorða menningarhugtakið við þjóðernistengd fyrirbæri, t.d. þjóðfána, búninga eða dansa ákveðins lands sem ekki er partur af daglegu lífi nemandans heldur eitthvað sem þjóð hans er þekkt fyrir. Fjórdi pytturinn eru staðalmyndir sem eru uppspretta fordóma

„því að án þeirra er ekki hægt að dæma án þess að þekkja“ (Guðrún Pétursdóttir 2003:42).

Á áttunda áratugnum snérist fjölmennningarleg kennsla t.d. um að kenna tungumál hvernar þjóðar eða m.ö.o. það að kenna innflytjendum annað tungumál. Tungumál þess samfélags sem innflytjandinn var sestur að í. Aðrar áherslur lutu að því að aðlaga innflytjendur félagslega að umhverfinu með því að setja upp sérstök námskeið fyrir þennan ákveðna hóp og skiptir þá ekki máli hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna. Settar voru upp sérstakar móttökudeildir innan skólanna sem eingöngu þjónuðu innflytjendum eða öðrum minnihlutahópum. Því má segja að innflytjendur og aðrir minnihlutahópar hafi átt að samlagast samfélaginu án þess að nokkur áhersla væri lögð á að samfélagið aðlagaðist þeim. Þetta hafði ekki endilega jákvæðar afleiðingar og áhrifin voru t.d. einangrun innflytjenda m.a. innan skólanna og vaxandi kynþáttahatur í samfélögunum. Þetta kallaði á breyttar áherslur sem í dag snúast um gagnkvæma aðlögun innflytjenda og þeirra sem fyrir eru í samfélaginu. Áhersla skal nú lögð á það hvað allir eiga sameiginlegt ekki það sem hægt er að nota til aðgreiningar (Perotti 1994:26).

Á níunda áratugnum var mikil vakning í Evrópu í málefnum innflytjenda sem varð til þess að farið var að líta á fjölmennningarlega kennslu sem eitthvað sem gæti orðið öllum nemendum skólans til góðs ekki einungis minnihlutahóps innflytjenda, m.ö.o. að þetta væri fræðsla á báða bóga eða gagnkvæm fræðsla (Sirens, Sven 2000).

Í dag er frekari áhersla lögð á að skoða hvað ólíkir menningarheimar eiga sameiginlegt í stað þess að aðgreina hópana hvern frá öðrum. Áherslan er lögð á hið jákvæða eða það góða í stað þess neikvæða og að við getum þegið eitthvað gott frá innflytjendum og öðlast fjölmenningarhæfni. Hverjir eru hæfileikar og kostir hvers barns? Þær áherslubreytingar sem hafa átt sér stað í fjölmenningarkennslu og eru uppi á borðinu í dag eru þær að áhersla er lögð á kennslu allra nemenda, bæði innfæddra og innflytjenda og aðlögun þeirra að breyttum aðstæðum. Áherslan er á gagnkvæma aðlögun og að mismunandi hópar geti lært hver af öðrum (Guðrún Pétursdóttir 2003:11).

Þrátt fyrir mikinn hafsþjó af straumum og stefnum í fjölmeningarkennslu hafa fræðimenn komist að þeirri niðurstöðu að sú kennsluaðferð sem gagnast hefur hvað best sé samvirkt nám. Ástæðan er sú að samvirkt nám vinnur með marga þætti.

„Samvinnunám er í stuttu máli kennsluaðferð, sem byggir á því að nemendum er skipt í hópa og þeir leysa ákveðin verkefni í samvinnu. En þeir leysa ekki aðeins verkefni saman, heldur eru þeir samábyrgir fyrir því að allir í hópnum tileinki sér námeðnið“ (Guðrún Pétursdóttir 2003:18).

Samvinnunám eykur félagslega færni nemenda og brýtur niður staðalmyndir ákveðinna hópa og leiðir því til minni fordóma, ólíkir nemendur leysa saman vandamál og læra að virða ólík sjónarmið hvors annars.

Elizabeth Cohen fræðimaður við Stanford háskóla í Bandaríkjunum er ein þeirra sem hefur rannsakað af hverju sumir nemendur sem hafa enga greiningu standa ver að vígi en aðrir og hvaða áhrif félagsleg geta þessara nemenda hefur á námsárangur. Niðurstaða hennar úr þessari rannsókn var sú að staða nemandans í bekknum og skólanum hefur mikil áhrif um gengi hans. Út frá rannsóknnum sínum staðhæfði Cohen að virkni nemenda, samvinna nemenda og þátttaka í hópavinnu dýpkaði skilning nemenda á því viðfangsefni sem var verið að fást við. Hún heldur því fram að því meiri tíma sem nemandi fær í ákveðið verkefni og því oftast sem hann ræðir verkefnið við annan einstakling þeim mun meiri færni öðlast hann. Þetta hentar sérstaklega vel í kennslu innflytjenda þar sem endurtekning er nauðsynlegur hluti af kennsluferlinu.

Rannsóknir Dr. Anne R. Vermeer prófessors í Tilburg í Hollandi hafa sýnt fram á það að innflytjendur þurfa að læra 1500 ný orð á ári, fyrstu þrjú árin til að geta staðið til jafns við innlenda. Eftir fyrstu þrjú árin er talað um 3000 orð. Þetta segir okkur að markviss orðaforðakennsla er mikilvæg. Samfella í þróun annars tungumáls er mjög mikilvæg. Þetta hefur Dr. Hetty Roessingh, prófessor við Calgary háskóla í Kanada sýnt fram á með ísjakalíkaninu. Ísjakalíkanið er hugmyndafræði þar sem sagt er að einstaklingur þurfi að hafa ákveðinn orðaforða til að geta athafnað sig í leik og starfi. Til skólagöngu þarf dýpri þekkingu. Þetta er oft sett fram á myndrænan hátt þannig að tíundi hluti ísjakans sem sést á yfirborðinu er þekkingin sem þarf að vera til staðar fyrir daglegt líf en hinn hlutinn er ósjáanlegur á yfirborðinu en þarf að vera til staðar fyrir skólagöngu (Anna Guðrún Júlíusdóttir 2002).

## **Hver eru markmið fjölmennningarlegrar kennslu?**

Samkvæmt Guðrúnu Pétursdóttur eru meginmarkmið fjölmennningarlegrar kennslu m.a.:

„að nemendur öðlist fjölmennningarlega hæfni“ (Guðrún Pétursdóttir 2003:43).

Einnig hefur hún bent á mikilvægi þess að allir hafi jafnan aðgang að lærdómsferlinu.

Nemendur eru undirbúnir til að starfa og takast á við samfélag fjölmenningar og alþjóðlegt umhverfi. Nemendur kynnist ólíkum menningarheimum og læri að nýta í námi og leik allt það sem er sameiginlegt þeim, þrátt fyrir ólíkan bakgrunn.

Nemendur geti tekið á ágreiningsmálum sem koma upp án fordóma. Segja má að meginlögmál fjölmennningarlegrar kennslu séu fjögur. Nemendur læra og þjálf samskipti við aðra nemendur og vinna saman, nemendur læra að byggja upp samstöðu og jákvæða sjálfsmynd, nemendur læra að bera virðingu fyrir öðrum og ólíkum gildum, m.ö.o. að þeir læri að skilja kosti margbreytileikans. Nemendur þurfa að skilja hættuna sem stafar af fordómum, þjóðernishyggju og kynþáttahatri. (Guðrún Pétursdóttir 2003:43).

Segja má að það séu nokkurs konar undirliggjandi markmið fjölmennningarlegrar kennslu að breyta samfélaginu og stuðla að félagslegum breytingum á einstaklingnum sjálfum, skólunum og menntunargildunum.

## **Hlutverk kennarans í fjölmennningarlegri kennslu**

Mikilvægt er að kennarinn líti á nemanda af erlendum uppruna með jákvæðu hugarfari og álíti að fjölbreytileikinn í nemendahópnum sé skemmtilegt verkefni til að takast á við í stað þess að vera álitin vandamál, þ.e. að kennarinn hafi fjölmennningarlega hæfni.

Í fjölmennningarlegri kennslu er mikilvægt að fjölbreytileikinn sé sýnilegur og að kennsluefnið sé fjölbreytt. Hjálpargögn þurfa að vera til staðar, hlutir þurfa að vera settir fram á myndrænan hátt og jafnvel áþreifanlegir, hlutir innan skólastofunnar séu merktir. Orðasambönd eins og góðan daginn o.fl. séu sýnileg.

Hlutverk kennarans er að skapa þannig andrúmsloft í kennslustofunni að hver nemandi í fjölbreyttum nemendahópi fái tækifæri til að njóta sín og sanna sig og hafi jafnframt sömu tækifæri og aðrir nemendur. Þetta er einn þáttur í margþættum

fyrirmælum (complex instruction) sem byggjast m.a. á samskiptum, stöðu og fjölgreind. Hlutverk kennarans er að setja fram verkefni sem eru lögð upp sem samvinnuverkefni sem nýtast öllum nemendahópnum. Einnig er mikilvægt að kennarinn gerir sér grein fyrir stöðu hvers nemenda innan bekkjarins svo að hann geti unnið með hana og virkjað alla nemendur. Ekki er nóg að kennarinn ákveði einn góðan veðurdag að byrja að nota samvinnunám, heldur þarf hann að búa nemendur undir breyttar og nýjar áherslur og þjálfar nemendur í þeim. Einnig er mikilvægt að kennarinn sjálfur hafi þekkingu á samvinnunámsaðferðinni og sé öruggur í kennslunni. Kennarinn verður að setja sér raunhæf markmið og stefna markvisst að því að ná þeim. Mikilvægt er að kennarinn sé meðvitaður um það hvað vekur áhuga nemendanna og fylgjist með hvað er að gerast í þjóðfélaginu og viti hvað er í tísku í dag. Einnig væri það góð leið til að virkja nemendur og fá þeirra eigin hugmyndir að verkefnum. Kennarinn þarf að vera opinn fyrir hugmyndum nemandans og vera fús til að framkvæma þær svo þær gagnist hópnum. Allt krefst þetta góðs undirbúnings.

Samstarf kennara og foreldra er mjög mikilvægt og er það í höndum umsjónarkennarans að sjá til þess að innflytjendur og foreldrar þeirra fái nægar upplýsingar svo þeir geti tekið þátt í þeim viðburðum sem eru innan skólans og séu meðvitaðir um það hvernig skólastarfið og skólaganga barnsins þeirra gengur. Samstarfið þarf að vera á jafnréttisgrundvelli og það þarf að henta öllum aðilum. Upplýsingaflæði milli foreldra og kennara þarf að vera stöðugt og gott svo allir aðilar nái að fylgjast sem best með frammistöðu nemandans og líðan. Einnig er mikilvægt að skoða samstarfið reglulega með það að markmiði að finna leiðir sem henta öllum. Leggja þarf áherslu þarf að leggja á að koma fram við foreldra innflytjenda af virðingu og skilningi, kynna sér þeirra viðmið, þeirra trú og siði til að stuðla að traustu og góðu samstarfi milli heimilis og skóla. Kennari þarf að taka mið af skólanámskrá og skoða hvort hún miðist ekki við kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Kennarinn þarf að varast að troða ekki sínum skoðunum upp á nemendurna og einnig það að gera ekki of mikið úr muninum á innflytjendum og Íslendingum svo hvorugur hópurinn sé settur á stall (Guðrún Pétursdóttir 2003:13-17).

## **Kennsla nemenda með íslensku sem annað mál í almennum bekk**

„Allir bekkir eru í raun fjölmennningarlegir þar sem jafnvel „etnískt“ einsleitir nemendahópur er vissulega fjölbreyttur, þ.e. fjölmennningarlegur. Nemendur



koma úr ólíku fjölskyldumynstri, fá ólíkt uppeldi, efnahagur og búsetuskilyrði eru ólík, þeir hafa ólík áhugamál og ólíka hæfni og námsgetu“ (Guðrún Pétursdóttir 2003:12).

Í greininni Aiming High: Understanding the Educational Needs of Minority Ethnic Pupils in Mainly White Schools eru góð ráð frá kennurum í Bretlandi sem m.a. eru með nemendur sem tala arabísku sem má vel heimfæra á okkur. Þeirra ráð eru að mikilvægt sé að vita sem mest um nemandann og spyrja spurninga í upphafi. Kann hann að lesa eða skrifa? Hversu lengi hefur hann verið í skóla í sínu heimalandi? Talar hann fleiri en eitt tungumál? Er fleiri en eitt tungumál talað heima hjá honum? Mælt er með því að gefa nemendum tíma til að aðlagast nýjum aðstæðum og varast að beita nemendann einhvers konar þrýstingi til þess að fá hann til að tala íslensku eða það tungumál sem verið er að læra. Leyfið nemandanum að tala sitt tungumál og svara spurningum á eigin tungumáli jafnvel þó svo að þú sem kennari talir ekki tungumál hans. Þá er auðvelt að sjá hvort nemandinn er að taka þátt og það hefur sýnt sig að nemendur og kennarar geta gert sig skiljanlegan á marga vegu þrátt fyrir að tala ekki sama tungumálið. Mikilvægt er að sýna áhuga á hans tungumáli og fá t.d. nemandann til að kenna bekknum einhver orð á hans tungumáli. Það gæti t.d. verið litir eða tölur. Gott er að nota eitthvað sjónrænt s.s. myndir eða tákni og lykilorð sem notuð eru endurtekið. Foreldrarnir eru líka mikilvægir. Það getur verið hjálplegt að kynna þeim. Þess má geta að þetta eru svipaðar niðurstöður og við fengum í rannsóknarvinnu okkar.

Eftirfarandi kennsluáætlanir og aðferðir eru taldar skila árangri samkvæmt fyrrnefndri grein:

- Aðferðir þar sem tengsl eru milli þess sem nemendur bekkjarins eru að læra nýtt og þess sem þeir kunnu fyrir.
- Myndrænt efni, grundvallarhugtök og samhengi.
- Aðferðir sem strax í upphafi hvetja til notkunar tungumálsins.
- Aðferðir sem fela í sér flokkun/röðun, samstæður, val samanburð og rökstuðning.
- Aðferðir sem fela í sér þrautalausnir nemenda og túlkun hugtaka.
- Vitsmunalega krefjandi og ögrandi verkefni.
- Meðvitund um þróun tungumálagetu og hæfni nemandans.

- Samvirkt nám til að virkja nemendur í almennum tjáskiptum og til að leysa flókin vandamál.
- Notkun tölvuforrita sem bæta tungumálakunnáttu og fjalla einnig um efni námsgreinanna hverju sinni.
- Aðferðir sem krefjast umræðna.

## Móttökudeildir á Íslandi

Þar sem engar reglur voru til um kennslu nýbúa í grunnskólum skipaði menntamálaráðherra Ólafur G. Einarsson árið 1992, starfshóp til að skipuleggja kennslu nýbúabarna en það var það hugtak sem notað var um börn innflytjenda. Hlutverk þessa starfshóps var að kanna hvernig staðið væri að íslenskukennslu nýbúa hérlendis og koma með tillögur að úrbótum. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum í október sama ár og í framhaldi af því var farið var að vinna markvisst með nýbúakennslu. Síðan þá hafa verið gerðar miklar úrbætur á íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Í dag er ekki talað um íslenskukennslu nýbúa, eins og áður sagði heldur, kennslu fyrir nemendur með íslensku sem annað mál, kennslu innflytjenda, o.fl. (<http://hjallaskoli.kopavogur.is/nybuinn/nybuar/frettir/frettir1.html>)

Árið 1994 var aukafjárveiting veitt til nýbúakennslu og tilrauna sem leiddi til þess að mikil endurskipulagning varð á nýbúakennslu. Fram að því voru ekki til neinar reglur um hvernig ætti að standa að nýbúakennslu né hversu marga tíma hver einstaklingur ætti að fá. Í kjölfarið réð menntamálaráðherra Ingibjörgu Hafstað sem verkefnisstjóra fyrir kennslu nýbúa í grunnskólum. Hennar hlutverk var að skoða stöðu þeirra í skólum hérlendis, veita ráðgjöf um nýbúakennslu, námsgögn, kennsluhætti o.fl. Ári fyrir eða 1993 var stofnaður samráðshópur sem hafði það hlutverk að fjalla um ákveðin mál og fræða þá sem komu að kennslu nýbúa, s.s. Námsgagnastofnun, Samband sveitarfélaga, grunnskóla, fræðsluskrifstofur o.fl. Farið var að huga að stefnumótun innflytjenda í íslenskum grunnskólum og í því sambandi var skoðuð sú leið sem nágrannalöndin höfðu farið og gefist vel.

Skólaárið 1993-1994 var sannkallað tilraunaár í nýbúakennslu. Móttökudeildir voru settar á laggirnar fyrir nemendur sem voru að hefja skólagöngu á Íslandi og

mikil áhersla var lögð á hópkenndu í íslensku. Annar tilgangur tilraunarinnar var samstarf kennara í móttökudeildunum til að búa til reynslu og þekkingu sem skólasamfélagið kæmi til með að búa að í framtíðinni. Námskeið voru í boði fyrir kennara og voru þau vel sótt.

Þessi tilraunastarfsemi fór fram í fimm skólum á Stór-Reykjavíkursvæðinu, einum í Keflavík og í öðrum nágrannasveitarfélögum. Móttökudeildirnar voru staðsettar í Vesturbæjarskóla, Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands sem er Háteigsskóli í dag, Réttarholtsskóla, Hólabrekkuskóla og Holtaskóla í Reykjanesbæ. Markmið móttökudeildanna var að innflytjendur frá ólíkum þjóðum væru saman í deild að læra íslensku þangað til þeir væru orðnir nægilega góðir í málinu til að geta tekið þátt í íslensku samfélagi. Í framhaldi þess flyttust þeir í sinn hverfissskóla. Á þessum tíma var talið mikilvægt að rækta móðurmál nemendanna og nýbúakennsla var talin vera kennsla fyrir innflytjendur og Íslendinga sem höfðu dvalið langtímum erlendis. Árið 1995 breyttist þetta á þann veg að kennsla varð einungis fyrir innflytjendur þar sem ekki var sett meiri fjárveiting þrátt fyrir fjölgun nemenda.

Árið 1995 voru starfræktar þrjár móttökudeildir í Reykjavík og móðurstöðin í Kópavogi. Tilraun var gerð með sérstakar móttökudeildir fyrir nemendur í 1. og 2. bekk en reynslan af því var ekki góð þar sem nemendur einangruðust félagslega í sínu heimahverfi ef skólinn var ekki staðsettur í því. Þetta varð til þess að móttökudeildirnar voru eingöngu fyrir nemendur á aldrinum 9-15 ára (<http://hjallaskoli.kopavogur.is/nybuinn/kennsla/sveitafelag/sveita2.html>).

Ári síðar voru móttökudeildirnar fjórar í Reykjavík en þeim var ætlað að þjóna nemendum alls staðar af höfuðborgarsvæðinu. Þær voru staðsettar í Austurbæjarskóla, Breiðholtsskóla, Háteigsskóla og Vesturbæjarskóla. Samkvæmt heimildum okkar voru skólar að opna og loka móttökudeildum sínum í einhver ár. Á þessum tíma þóttu móttökudeildir hafa gefið góða raun í öðrum nágrannalöndum (<http://hjallaskoli.kopavogur.is/nybuinn/kennsla/sveitafelag/sveita2.html>).

Í Aðalnámskrá grunnskóla 1996 var sett fram svohljóðandi reglugerð:

“Reglugerð nr. 391/1996 gefur öllum nemendum í grunnskólum, er hafa annað móðurmál en íslensku og hafa fasta búsetu hér á landi, rétt á sérstakri kennslu í íslensku”

(<http://www.ismennt.is/vefir/namskra/g/islenska/nybuar/inngangur.html>).

Síðan árið 1994 hafa því verið starfræktar móttökudeildir á Íslandi. Í dag eru tvær móttökudeildir í Reykjavík, ein í Hafnarfirði, ein í Reykjanesbæ og ein á Akureyri. Allir innflytjendur nýkomnir til landsins, sem eru að hefja nám í fyrsta skipti á Íslandi, geta skráð sig í móttökudeildir óháð því hvort að hún er í þeirra hverfi eða ekki.

Aðalmarkmið móttökudeilda í dag er að kenna íslensku sem annað mál til að nemendur geti nýtt sér íslenskuna í daglegu lífi. Einnig er markmiðið að aðlaga nemendur að íslensku samfélagi, kynna þeim hvaða siðir eru viðhafðir, kynna þá fyrir menningunni og upplýsa þá um hvernig íslenskt skólakerfi og samfélag virkar. Yfirleitt geta nemendur leitað með öll sín vandamál, allar sínar áhyggjur og spurningar til kennara í móttökudeild svo segja má að móttökudeild sé eins konar öruggt skjól fyrir innflytjendur. Í móttökudeild sumra skóla hérlendis er einnig reynt að sjá um félagslega þáttinn, reynt að styrkja þau félagslega ( Nína V. Magnúsdóttir 2008).

Þess má geta að þó að þessar deildir séu gefnar upp sem ákveðnar móttökudeildir á ákveðnum stöðum eru mörg önnur sérúrræði í öðrum skólum hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni. Dæmi eru um nýbúaver, lesver og nýbúadeildir. Þrátt fyrir að markmið deildanna sé það sama þá er ekki þar með sagt að þær starfi allar eins.

Meðaltími nemenda í móttökudeild er eitt ár.

## **Móttaka og innritun barna í móttökudeild**

Móttaka innflytjenda í grunnskólum er mjög misjöfn eftir skólum og eftir því hversu langt skólinn er kominn í að þróa sitt móttökuférlu fyrir innflytjendur. Á höfuðborgarsvæðinu fer innritun innflytjenda fram á skrifstofum grunnskólanna. Annað og víðfemara ferli fer í gang við innritun innflytjenda en innritun íslenskra barna. Ástæðurnar eru margvíslegar. Nemendur og foreldrar innflytjenda þekkja oft

lítið til íslensks samfélag og vita lítið sem ekkert um skólamál á Íslandi. Í mörgum tilfellum talar hvorki nemandinn né foreldrarnir íslensku svo styðjast þarf við túlkþjónustu. Það er jafnt á ábyrgð foreldra innflytjenda og íslenskra barna að sjá um að innrita barn sitt í grunnskóla og sjá um að þau sinni náminu og mæti í skólann. Þegar foreldrar skrá barn af erlendum uppruna í grunnskóla þarf að sýna fram á að nemandinn hafi farið í læknisskoðun og staðist hana með vottorði og dvalarleyfi. Eftir innritun í skólann er fundur undirbúinn. Á þessum fundi eru t.d. deildarstjóri, umsjónarkennari, skólahjúkrunarfræðingur, túlkur, foreldrar og nemandinn. Markmið fundarins er að undirbúa og fræða nemandann og foreldrana um hvað framundan er og að fjölskyldan fái innsýn í íslenskt skólastarf. Kynntar eru hverjar áherslur eru í íslensku skólakerfi, starfshættir skólans, námsgreinar grunnskólans, samstarf heimilis og skóla, hvert hlutverk skólans er o.fl. Á sama fundi fær skólinn ýmsar upplýsingar um nemandann s.s. bakgrunn nemandans, námsferil, trúarbrögð og menningu.

Að sögn Huldu Karenar Daníelsdóttur kennsluráðgjafa hjá Fræðsluráði Reykjavíkur er væntanleg handbók um móttöku innflytjenda í grunnskólum sem á að auðvelda ferli innritunar innflytjenda. Handbókin er hugsuð sem gátlisti fyrir þá sem koma að undirbúningi skólagöngu innflytjenda því að mörgu er að hyggja.

Mikilvægt er að taka vel á móti öllum nýjum nemendum sama hvort þeir eruséu íslenskir eða erlendir því að fyrstu kynni barns af skóla og skólaumhverfinu getur haft mikil áhrif á hvaða viðhorf það hefur til skólans og námsins. Sama hvort nemandinn er íslenskur eða innflytjandi, það er ávallt erfitt að stíga fyrstu skrefin í skóla og þá sérstaklega ef nemandinn skilur ekki íslensku.

## **Móttökudeild Austurbæjarskóla**

Austurbæjarskóli hefur verið starfandi síðan 1930 á þeim stað sem hann er nú en áður var hann nefndur Nýi barnaskólinn. Undirbúningur skólans og bygging hans tók 10 ár og var þetta fyrsta húsið í Reykjavík sem hitað var upp með hitaveituvatni. Við upphaf skólans voru 30 kennslustofur en í dag eru þær mun fleiri. Í skólanum eru í dag um 570 nemendur í 27 bekkjardeildum. Starfsmenn skólans eru 85. Á síðustu árum hefur skólahúsnæðið og lóðin tekið miklum breytingu m.a. var byggð nokkuð stór viðbygging við skólann í janúar 2000.

Með tilkomu fjölmenningsstefnu Reykjavíkurborgar árið 2001 var Austurbæjarskóli gerður að móðurskóla í fjölmenningslegri kennslu. Tilgangurinn með þessu hlutverki var að hann væri nokkurs konar forystuskóli á sviði fjölmenningslegrar kennslu sem leiðir til aukinnar þekkingar og reynslu á sviði fjölmenningslegrar kennslu. Það er hlutverk Austurbæjarskóla sem móðurskóla að miðla upplýsingum, þekkingu sinni og reynslu til þeirra sem þess óska. Skólinn heldur ýmis námskeið sem er ekki einungis fyrir starfsmenn skólans heldur líka fyrir aðra er málefnið varðar.

Austurbæjarskóli er skóli fyrir alla, skóli án aðgreiningar. Þar sem 20% af nemendum í Austurbæjarskóla eru af erlendum uppruna og 30 mismunandi þjóðernum leggur skólinn áherslu á fjölbreytileika fólks sem endurspeglast í öllum bekkjum skólans. Börn sem stunda nám í Austurbæjarskóla hafa ólíkan bakgrunn og hafa ólík viðhorf til samfélagsins, ólík áhugamál, mismunandi trúarbrögð o.fl.

Markmið Austurbæjarskóla er að:

„nemendur læri að virða fjölbreytileikann og lögð er áhersla á að nýta hann á jákvæðan hátt“ (Austurbæjarskóli 2008).

Austurbæjarskóli er virkur í að þróa og leggja fram kennsluaðferðir sem þeir telja að beri árangur í fjölmenningslegri kennslu í öllum námsgreinum aðalnámskrár með það að aðalmarkmiði að fjölbreytileikinn fái að njóta sín.

Þær kennsluaðferðir sem hafa sýnt fram á árangur eru samvinnunámsaðferðin þar sem hver nemandi getur nýtt styrk sinn á mismunandi sviðum. Skólinn hefur einnig haft hugmyndafræði belgíska kennsluráðgjafans Filip Paelman að leiðarljósi. Hann kemur til landsins árlega til að halda námskeið fyrir kennara. Filip styður þá hugmynd að CLIM kennsluaðferðin auki virkni fjölbreytts nemendahóps og telur CLIM sérstaklega góða kennsluaðferð fyrir skóla sem hafa innflytjendur. Aðalatriðið er að kennsluaðferðin, sem notuð er virki á nemendahópinn þannig að allir nemendur taki þátt og geti notið sín.

Í Austurbæjarskóla hefur verið starfrækt nýbúadeild síðan 1994. Deildin er fyrir nemendur sem eru nýkomnir til landsins og hafa annað móðurmál en íslensku og einnig íslenska nemendur sem hafa dvalið langtímum erlendis. Nemendur koma úr Reykjavík og eru í 1.-10. bekk. Þeir tilheyra allir almennum bekk og hafa sinn

umsjónarkennara. Við deildina starfa sex kennarar ásamt deildarstjóranum Nínu V. Magnúsdóttur.

Nýbúadeildinni er skipt í eldri og yngri deild. Í eldri deild eru nemendur úr 7.-10. bekk. Þeir fylgja almennum bekk í stærðfræði, ensku og verklegum greinum en koma í íslenskukennslu í nýbúadeildina þegar bekkurinn þeirra er í íslensku eða samfélagsgreinum. Námið er einstaklingsmiðað og kennt í litlum hópum. Eftir því sem nemendur öðlast meiri færni í íslensku, sækja þeir fleiri bóklega tíma í sínum bekk. Nemendur fá aðstoð í nýbúadeildinni eins lengi og þörf krefur en þess er gætt að þeir séu eins mikið með bekknum sínum og framast er unnt. Í nýbúadeildinni er einnig veitt aðstoð í stærðfræði, samfélagsgreinum og ensku, ef þörf krefur, og þá í samstarfi við bekkjarkennara.

Í yngri deild eru nemendur úr 1.-6. bekk. Þeir eru teknir út úr bekknum sínum í þeim kennslustundum sem nýtast þeim ekki vegna tungumálaerfiðleika. Í nánu samstarfi við bekkjarkennarann er kennd íslenska í tengslum við það sem verið er að kenna í bekknum. Einnig er veitt aðstoð við stærðfræði, samfélagsgreinar og lesturkennslu ef þörf krefur.

Skólaárið 2007- 2008 fá um 100 nemendur aðstoð í deildinni. Rúmlega 40 þeirra komu til landsins haustið 2007. Þessir nemendur hafa 25 mismunandi móðurmál.

Markmið móttökudeildarinnar er að kenna nemendum íslensku sem annað mál svo að þeir geti athafnað sig í íslensku samfélagi. Nemendur geta leitað til kennara og annarra starfsmanna deildarinnar með öll sín vandamál, áhyggjur og spurningar. Allt sem viðkemur nemanda í móttökudeild s.s. hvar þau eiga að vera staðsett á hverjum tíma hvernig þau komast á ákveðna staði innan skólans o.þ.h. er að finna innan kennslustofanna sem móttökudeildin hefur afnot af. Stundatöflur allra nemenda í móttökudeild hanga upp á einum vegg svo að aðgengi að þeim upplýsingum er auðvelt öllum.

Foreldrasamstarf í Austurbæjarskóla er öflugt og hefur foreldrafélagið ýtt undir fjölmennningarlegt starf á þeirra vegum. Unnið er markvisst með félagslega þáttinn og að styrkja hann á allan hátt með ýmsum úrræðum.

## **Móttökudeild Breiðholtsskóla**

Breiðholtsskóli er skóli með 500 nemendur í 1. -10 bekk sem hefur verið starfræktur síðan 1969. Kennarar og aðrir starfsmenn skólans eru 90 talsins. Slagorð

skólans er „árangur fyrir alla“ og lögð mikil áhersla á að nemendum líði vel í skólanum. Undirbúningur er hafin á að innleiða PBS til að styrja jákvæða hegðun. Lífsgildi og viðhorf sem unnið er með er virðing, ábyrgð og árangur. Þá er átt við virðingu fyrir sér og umhverfi sínu, að taka ábyrgð á námi sínu og sjálfum sér og reyna að ná árangri.

Breiðholtsskóli er skóli fyrir alla, án aðgreiningar. Með því að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og samvinnuverkefni vinnur Breiðholtsskóli að því að einstaklingsmiða nám nemenda svo það sinni þörfum hvers og eins nemenda. Hver og einn árgangur er sem ein heild svo að nemendur eru í mismunandi hópum eftir því hvar þeir eru staddir í hverju fagi, hverju sinni. Í Breiðholtsskóla er lögð mikil áhersla á íþróttir ásamt list- og verkgreinum.

Staða erlendra nemenda í skólanum er mjög misjöfn en þeir hafa jafnmikinn aðgang að stuðningi ef ekki meiri en íslensk börn. Árið 2000 var sett á laggirnar móttökudeild í Breiðholtsskóla sem var lögð niður haustið 2007 vegna skipulagsbreytinga. Fyrir breytingarnar voru starfandi þrír fagaðilar í móttökudeild en eftir breytinguna leituðu þeir á önnur mið sem varð til þess að í dag eru ófaglærðir starfsmenn sem sjá um nýbúaverið, eins og það er kallað.

Í staðinn fyrir móttökudeildina voru búin til fjögur námsver sem þjóna þeim tilgangi að uppfylla þarfir einstaklinga með sérþarfir þ.á.m. innflytjendur. Nýbúaverið er fyrir innflytjendur sem hafa íslensku sem annað mál. Sérstakt starfsver er fyrir nemendur á elsta stigi sem eru með atferlis og námsraskanir. Stuðningsver gengir sama hlutverki og starfsverið en er fyrir yngri nemendur. Næðisver er fyrir nemendur sem þurfa mikið ró og næði til að geta einbeitt sér að náminu og hegðun sinni.

## **Móttökudeild Háteigsskóla**

Háteigsskóli er 400 nemenda skóli með 20 bekkjum í 1.-10. bekk.

Stefna Háteigsskóla er:

„Að mennta í hlýlegu og skapandi umhverfi þar sem borin er virðing fyrir sérhverjum manni“

<http://www.skolatorg.is/kerfi/hateigsskoli/skoli/default.asp?sidan=undirsida&fslIID=160&typu=15> [Sótt 7. mars 2008].



Segja má að leiðarljós skólans sé í anda fjölmenningar, því að leiðarljósið er að allir nemendur séu jafnir þrátt fyrir ólíka hæfni og getu.

Í skólanum er móttökudeild fyrir innflytjendur. Móttökudeildin hefur verið starfrækt síðan 1995. Deildin er bæði fyrir innflytjendur og þá nemendur sem eru að snúa aftur heim eftir að hafa búið erlendis í einhvern tíma. Íslensku nemendurnir eru oftast mjög stutt í deildinni.

Markmið deildarinnar er að kenna nemendum íslensku svo að þeir geti nýtt sér íslenskt skólakerfi sem og notað íslensku í daglegu lífi. Hins vegar leita bæði nemendur og foreldrar til Ragnheiðar Sigtryggisdóttur sem er yfir móttökudeildinni með ýmis vandamál og fá hjálp við þeim.

Hver og einn nemandi, sem er innflytjandi fær að meðaltali 20 tíma á viku í móttökudeildinni og er þessi tími sameiginlegur með öðrum nemendum í deildinni. Í ár eru 45 nemendur í móttökudeildinni.

Foreldrasamstarf er eitt af því sem situr á hakanum í Háteigsskóla vegna manneklu. Innflytjendurnir í Háteigsskóla taka lítinn sem engan þátt í félagslífi skólans. Deildarstjóri móttökudeildarinnar hefur nýlega komið á samstarfi milli skólans og félagsmiðstöðvar hverfisins í þeim tilgangi að finna leiðir til að efla félagslíf þessara nemenda. Háteigsskóli fylgir jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar.

## **Grunnskóli Grindavíkur**

Grunnskóli Grindavíkur er skóli með 490 nemendur í 1.-10. bekk. Algengast er að í hverjum árgangi séu tveir bekkir. Mikill íbúafjölgun hefur verið í Grindavík undanfarin ár og hafa 28 nýir nemendur hafið skólagöngu á þessum vetri í skólanum. Í skólanum eru 70 starfsmenn.

Skólinn hefur uppbyggingarstefnuna að leiðarljósi. Kennarar nota uppbyggingarstefnu Diane Gossen, til að styðja sig í að stjórna bekkjum og einnig við það að leiðbeina einstaka nemendum í samskiptum. Einkunnarorð stefnunnar eru: uppeldi til ábyrgðar í skólastarfi.

Í skólanum hafa verið innflytjendur síðustu 8-10 ár. Þrátt fyrir að skólinn sé ekki með móttökudeild hefur hann samt sett fram úrræði fyrir innflytjendur. Mjög misjafnt er hvernig kennslunni er háttað eftir aldri og þjóðerni nemenda. Ekki það að mismunað sé eftir þjóðerni heldur þurfa sumir einstaklingar einfaldlega á meiri aðstoð að halda. Stærstur hluti innflytjenda í Grindavík eru Tailendingar svo þeir eiga það til

að hópa sig saman. Þeir eru flestir skyldir svo það auðveldar innkomu nýrra nemenda í skólann. Aðrir innflytjendur eru Pólverjar og Portúgalir. Taílendingarnir eru oft verr settir en hinir innflytjendurnir því þeirra grunnur í námi er ekki eins góður. Dæmi eru um það að börn í 7.-9. bekk komi í skólann og kunni ekki að lesa á sínu eigin móðurmáli. Þegar nemendur á yngsta stigi hefja nám við skólann fara þeir strax inn í bekk og eru á ábyrgð umsjónarkennara. Þeir fá að jafnaði þrjá tíma á viku hjá sérkennara og fá ákveðna féлага inn í bekknum. Hlutverk þessa féлага er að bjóða innflytjandann velkomin í skólann, hjálpa honum að fóta sig í skólasamfélaginu, kynna hann fyrir öðrum nemendum, hjálpa honum að mynda félagsleg tengsl og vera honum innan handar.

Á miðstigi og elsta stigi eru það deildarstjóri sérkennslu og sérkennarinn sem skipuleggja kennsluna í samráði við umsjónarkennara. Hér skipar sérkennarinn miklu stærra hlutverk en umsjónarkennarinn þar sem hann sér um að meta nemandann, búa til próf og umsagnir fyrir nemendurnar. Mjög misjafnt er á þessum stigum hvort nemendur fá féлага eða ekki. Það fer allt eftir því hvort hann talar sama tungumál og einhver annar innflytjandi í skólanum.

Þjónusta við innflytjendur í Grunnskóla Grindavíkur er að okkar mati mjög góð og dæmi eru um það að nemendur fái 12 tíma á viku í íslenskukennslu í eins til þriggja manna hópum. Kennslan er markviss og hefur það sýnt sig að þau börn sem komu í skólann á yngsta stigi og eru kominn í 7. bekk eða jafnvel lengra hafa náð að aðlagast sig ótrúlega vel. Dæmi er um það að þessir nemendur séu meðal toppnemenda í sínum bekk. Heimanámsaðstoð fyrir innflytjendur er í boði þrjá daga í viku. Þessi aðstoð er vel nýtt og gefist vel. Nemendur taka strax þátt í list- og verkgreinum og sum hver fá aðstoð í eðlisfræði og ensku.

Nemendur á yngsta stigi eru mjög duglegir að taka þátt í því félagslífi innan skólans t.d. bekkjarkvöldum. Einnig eru foreldrar þeirra duglegir að mæta. Hins vegar er þetta öðruvísi hjá eldri nemendunum. Þeir eru ekki jafn duglegir að mæta. Ástæðurnar geta verið misjafnar t.d. fordómar sem leiða til eineltis, nemendum finnst þeir vera einangraðir félagslega, léleg sjálfsmynd nemenda vegna fordóma og kröfurnar um að mæta og taka þátt eru ekki alls staðar með sama hætti og á Íslandi. Sama má segja um kröfur um heimanám. Áherslurnar eru einfaldlega bara aðrar. Foreldrar mæta alltaf á foreldradaga sem eru tvisvar á ári og fá tülkaþjónustu ef nauðsyn krefur.

## **Að hefja nám í hverfis-skóla að námi loknu í móttökudeild**

Samkvæmt upplýsingum frá viðmælendum okkar virðist það vera undantekning frekar en regla að nemendur sem hafa sótt ákveðinn skóla sem hefur móttökudeild og er ekki staðsettur í þeirra heimahverfi, skipti um skóla að námi loknu í móttökudeild. Flestir þeir kennarar sem við ræddum við nefndu nokkur dæmi um nemendur sem koma langt að til að sækja skóla. Ástæðurnar fyrir því eru margar. Einhverjir velja einn skóla frekar en annan vegna staðsetningar. Foreldrar starfa jafnvel í nágrenninu og eða þekkja einhvern sem býr í nágrenninu. Einhverjir hafa valið sér viðkomandi skóla vegna þess að þeir þekkja einhverja sem hafa sótt skólann og hafa af einhverjum ástæðum mælt með honum. Nemendur flytja á milli hverfa en þar sem þau hafa „skotið rótum“ eða t.d. eignast félagi í skólanum og vilja þess vegna ekki skipta. Starfsmenn skólanna hafa þó eindregið hvatt nemendur sína til þess að sækja skóla í sínu hverfi. Þegar barn skiptir um skóla af einhverjum ástæðum fer í gang ákveðið ferli milli skólanna. Þetta ferli felur m.a. í sér flutning á upplýsingum milli skólanna og samstarf kennara. Ástæðan fyrir því að nemendur halda oftast áfram í þeim skóla þar sem þeir hafa verið í móttökudeild er sú að þeir hafa myndað tengsl við aðra nemendur, kennara skólans og umhverfið.

## **Reynsla nemenda og foreldra af móttökudeildum**

Reynsla hvers innflytjenda og forelda þeirra af grunnskólanum er mjög mismunandi. Sumir foreldrar velja að börn þeirra fari í móttökudeild meðan aðrir eru alfarið á móti móttökudeildum.

## **Foreldrar sem hafa kosið að setja barn sitt í móttökudeild**

Thomas Correa er frá Afríku og hefur verið búsettur á Íslandi síðan 1997. Hann er þriggja barna faðir en börnin hans komu til Íslands í mars á síðastliðnu ári og hófu skólagöngu sína á Íslandi 30. mars 2007. Þegar Thomas ákvað að flytja börnin sín til Íslands fór hann að kynna sér hvað væri í boði fyrir börn sem töluðu enga íslensku. Thomas hefur kynnst mikið af íslendingum í gegnum vinnu sína og nám í Námsflokkum Reykjavíkur sem hann lætur jafnframt vel af. Einn af vinum hans var einmitt skólastjóri í Námsflokkunum og var fyrsta manneskjan sem hann fékk álit hjá

í sambandi við hvaða skóla hann ætti að setja börnin sín. Hún mælti tvímælalaust með Austurbæjarskóla og hann tók ákvörðum um að fara að ráðum hennar.

Thomas á tvær stelpur sem eru 8 og 18 ára og einn strákur sem er 15 ára. Eldri dóttir hans nemur við Menntaskólann við Hamrahlíð, sonurinn er móttökudeild í Austurbæjarskóla og yngri dóttir hans í Ingunnarskóla. Þegar við fórum í heimsókn til þeirra var Thomas ekki kominn heim svo að sonur hans tók á móti okkur. Við höfðum ekki hugmynd um það þá að hann væri aðeins búinn að vera hér í 10 mánuði en okkur fannst hann tala reiprennandi íslensku en hann skildi allt sem við sögðum og talaði mjög skýrt.

Strax í upphafi viðtalsins komu ólíkir viðhorf til lífsins í ljós, t.d sjá börnin hans þrjú alfarið um allt sem snýr að heimilinu því hann vinnur úti þrátt fyrir að vera í skóla. Thomas var alls ekki feiminn við að segja okkur að gildin og siðirnir væru allt öðruvísi í Afríku en á Íslandi. Hann sagði þau reyna að taka þátt í íslensku samfélagi og fylgja því utan heimilis en heima ættu þau sína eigin menningu.

Thomas hefur góða sögu af segja að móttökudeild Austurbæjarskóla og honum finnst starfið sem er unnið þar til fyrirmyndar. Hann segir að það sé ekki bara fólkið í móttökudeildinni sem hafi boðið börnin sín velkominn heldur aðrir kennarar og starfsmenn skólans einnig. Að hans mati er Austurbæjarskóli með mikla reynslu og þekkingu í fjölmenningu og kennslu innflytjenda og að þeir séu „frábærir“ í alla staði. Kennarar og starfsmenn skólans viti nákvæmlega hvernig eigi að taka á öllum þeim vandamálum sem upp koma og hvernig sé best að leysa þau. Thomas sagði samstarfið milli heimilis og skóla frábært og að hann gæti fylgst nákvæmlega með hvernig börnunum hans gengi í náminu og fengið upplýsingar um hegðun þeirra. Hann væri vel meðvitaður um hvar sonur hans væri staddur í náminu og hann tæki þátt í allri ákvarðanatöku sem snerti nám hans. Sonur hans er t.d mjög sterkur í stærðfræði. Þrátt fyrir það var 10. bekkjar námsefnið frekar erfitt fyrir hann þegar hann kom til Íslands svo að hann og Nína, deildarstjóri í móttökudeildinni í Austurbæjarskóla, tóku sameiginlega ákvörðun um það að hann myndi byrja á 9. bekkjar námsefninu og færa sig svo ofar þegar lengra væri liði frá komu hans. Hann er í góðu sambandi við Nínu sem er deildarstjóri í móttökudeildinni og hefur að sögn góðan aðgang að henni sama hvað tími dags er. Hann sagðist líka oft koma í heimsókn í móttökudeildina.

Thomas fannst móttökuferlið ágætt en honum fannst að kannski hefði mátt spyrja fleiri spurninga um bakgrunn þeirra í móttökuvíðtalinu. Honum fannst að hann hefði þurft að koma meira á framfæri sínum skoðunum og gildum og hvað væri

eðlilegt í þeirra heimalandi. Hins vegar er hann búin að koma þessum skoðunum sínum á framfæri í dag. Hann telur Austurbæjarskóla vera kominn svo langt í þróun fjölmenningslegri kennslu að það séu ekki einungis kennararnir og starfsmennirnir sem tóku vel á móti syni hans heldur nemendurnir líka. Nemendur í Austurbæjarskóla þekkja vel að fá nýja nemendur í skólann og vita hvernig þeir eiga að taka á móti þeim og bjóða þá velkomna. Þessu lýsti sonur Thomas einmitt sem reynslu sinni af fyrsta skóladeginum. Nemendur höfðu mikinn áhuga á honum og vildu vita hvaðan hann kæmi og hvernig allt væri í Afríku. Þeir sögðu meira að segja að það væri „cool“ að hann væri svartur.

Námið hefur gengið mjög vel hjá börnum Thomasar og þau tala bæði núorðið mjög fína íslensku. Honum finnst námið ganga vonum framár og er mjög ánægður með allt starf í Austurbæjarskóla.

Eins og áður sagði er augljóst að menningarheimarnir Ísland og Afríka eru mjög ólíkir. Thomas segir að menn frá Afríku beri mikla virðingu fyrir konum og hans uppeldi var þannig að hann þurfti að bera mikla virðingu fyrir fullorðnum. Börnin hans þurfa að hlýða á hans heimili og honum finnst mikilvægt að þau beri virðingu fyrir starfsmönnum og kennurum Austurbæjarskóla. Hann sagði mér að ef börnin hans myndu gera þau mistök að rífa kjaft eða vera dónaleg á nokkurn hátt í skólanum myndi það einungis gerast einu sinni því þeim væri refsað heima fyrir slíka hegðun. Hann gerir miklar kröfur til barna sinna um að þau standi sig vel í skólanum en gerir ekki eins miklar kröfur um að þau sinni heimanáminu. Hann segir ástæðuna vera aðstöðuleysi inn á heimilinu.

## **Foreldrar sem hafa kostið að setja barn sitt ekki í móttökudeild**

Katerzyna Jolanta Kraciuk kom til Íslands frá Póllandi árið 1997. Kata eins og hún er kölluð kom hingað ásamt eiginmanni og þremur börnum. Elsta barnið er drengur fæddur árið 1990, þá kemur stúlka, fædd 1994 og yngsta barnið er drengur fæddur árið 1996.

Elsti sonurinn fór fyrst í American School of Embassy eða skóla Bandaríska sendiráðsins í Reykjavík. Þar fer kennsla fram á ensku. Þar var hann þó aðeins eitt misseri en fór þá í Álftamýrarskóla. Innritun í Álftamýrarskóla gekk vel, að sögn vegna þess hvað foreldrarnir töluðu góða ensku. Kata sagði okkur að hann hefði bara byrjað í skólanum eins og hin börnin að hausti. Í Álftamýrarskóla fékk drengurinn þó strax sérkennara í íslensku sem hann var sérstaklega ánægður með og námið hjá

kennaranum gekk vel. Það var því nokkuð áfall fyrir hann þegar kennarinn hætti eftir aðeins eina önn. Drengnum gekk þó vel í skólanum. Hann var aldrei í móttökudeild og hélt alltaf í við sinn bekk og tók mikinn þátt í félagslífi innan skóla sem utan. Í dag er hann í Póllandi og stundar nám við virtan myndlistarskóla ásamt því að læra frönsku í háskóla.

Dóttirin og yngri sonur voru fyrst eftir komuna til landsins heima hjá mömmu sinni en fóru síðan í leikskóla er Kata fór út á vinnumarkaðinn. Í dag er stúlkan í 8. bekk og henni gengur vægast sagt vel í náminu ef marka má þær einkunnir sem hún fær. Hún átti í einhverjum erfileikum í 4. og 5. bekk en þeir erfiðleikar voru algerlega ótengdir námi eða uppruna hennar og eru nú að baki. Kata sagði okkur skemmtilega sögu af því þegar hún fór fyrst með dóttur sinni í skólaheimsókn í grunnskóla þegar hún var í leikskóla. Kata sem ekki hafði náð tökum á íslenskunni sagðist hafa verið furðu lostin þegar dóttir hennar, sem hún hafði aldrei fyrr heyrt tala íslensku stóð upp og hóf að spyrja spurninga og tjá sig við kennarann og aðra nemendur. Hún sagði hana hafa verið alveg eins og hin íslensku börnin. Kata hafði ekki gert sér grein fyrir þessu þar sem alltaf er töluð pólska á heimilinu.

Yngri sonurinn lærði íslensku í leikskóla og þurfti því aldrei neina sérkennslu í íslensku í grunnskólanum. Honum gengur ágætlega í náminu í dag og líður vel á Íslandi.

Kata var eins og áður hefur komið fram ekki eins fljót að ná íslenskunni eins og börnin. Hún byrjaði first fyrir alvöru að læra íslensku á Hrafnistu þegar hún hóf störf þar. Þar var boðið uppá íslenskukennslu en hún fór einnig á námskeið hjá Nýbúamiðstöð. Hún segist þó hafa lært mest af samstarfsfólki og að íslenskan hennar sé í raun þeim að þakka. Kata sagði okkur að það hafi ennfremur hjálpað henni mikið að hlusta á börnin lesa. Umsjónarkennari elsta sonarins hafi sagt henni að hún ætti að láta hann lesa í a.m.k 10 mínútur á dag. Hún sagðist hafa verið dugleg að gera það alla daga, hvort sem það voru frídagar eða jafnvel sumarfrí.

Samskipti Kötú við skóla barnanna sinna voru að hennar sögn góð. Hún átti í góðu og stöðugu sambandi við umsjónarkennara og taldi sig hafa góðan aðgang að upplýsingum eða hverju því sem hún þurfti í skólunum. Hún fór þó aldrei á neina sérstaka fundi fyrir „nýbúa“ eða eitthvað þess háttar og var ánægð með að börnin hennar hófu nám í skólanum eins og hin börnin en þurftu ekki að fara í gegnum eitthvað sérstakt ferli.

Kata sagði okkur að hún væri á móti sérstökum móttökudeildum. Hún telur það skapa línu á milli innflytjenda og Íslendinga. Hún telur að með því að leggja svona mikla áherslu á íslenskuna og vera jafnvel stöðugt að benda á það hvað það væri erfitt fyrir útlendinga að læra hana dragi úr nemendum og það skapi bara „leti og leiðindi“.

Í Póllandi þurfa grunnskólanemendur að hennar sögn að leggja mikið á sig í náminu og því ætti ekki að láta þá komast upp með að slá slöku við þegar hingað er komið. Einhverju sinni hafí átt að taka elsta son hennar út úr bekknum þegar kenna átti dönsku. Ástæðan var víst sú að málið væri svo erfitt fyrir hann og betra væri að láta hann bara einbeita sér að íslenskunni á meðan bekkurinn væri í dönsku. Drengurinn hafði sem betur fer vit á tjá sig um það að hann vildi vera með bekknum sínum frekar en að láta sér leiðast annars staðar. Kata telur því að það eigi að hlusta meira á börnin og foreldra þeirra og gera langtímaplön. Kennsla má heldur alls ekki vera óregluleg eins og í tilfelli elsta sonarins þar sem kennarinn hætti og ekkert tók við. Þarfir nemenda af erlendum uppruna eru þær sömu og þarfir annarra barna í skólanum því þarf bara meiri tjáskipti og þau koma að hennar mati með jákvæðu viðhorfi allra sem í skólanum eru.

## **Reynsla og frásögn kennara sem kenna blönduðum bekk**

Sama hversu mikið við reyndum að fá viðmælendur í þennan hluta, kennarar virtust ekki vilja gefa sér mikinn tíma í að svara nokkrum spurningum.

Undantekningin voru kennarar í Austurbæjarskóla. Austurbæjarskóli er móðurskóli fjölmenningarlegrar kennslu og er það eitt af hans hlutverkum að svara fyrirspurnum sem berast.

Nína V. Magnúsdóttir hefur mikla reynslu af því að kenna í blönduðum bekk og segir þá reynslu einungis vera góða og henni finnst mjög skemmtilegt að vera með nemendur í bekknum sem tala ekki íslensku. Nína segir að það sé hollt og gott fyrir innlendu nemendurna að sjá að það eru ekki allir eins og það sé engin hindrun eða fötlun að kunna ekki ákveðið tungumál, því allir hafi styrkleika og allir hafi veikleika. Hún segir að það skipti öllu máli að kenna með fjölbreyttum, virkum kennsluaðferðum og að koma vel undirbúin í kennsluna. Við kennslu í blönduðum bekk er mikilvægt að nýta fjölbreytileikann og nemendur eru þjálfaðir í samhjálp. Nína segir að það felist mikill lærdómur í því fyrir innlendu nemendurna að kenna

samnemendum sínum íslensku. Nína hefur aðallega nota CLIM samvinnunámsaðferðina og söguaðferðina og reynsla hennar af þessum aðferðum er góð. Hún telur það gott að byggja ýmsar stoðir sem nýtast bæði innlendu og erlendu nemendum og hafa hópavinnuna sýnilega.

Guðrún Halldórsdóttir er samkennari Nínu í Austurbæjarskóla. Hún hefur allan sinn kennsluferil kennt blönduðum bekk í Austurbæjarskóla svo að hún þekkir ekkert annað. Hún er þeirrar skoðunar að skólinn eigi að spegla samfélagið og þar af leiðandi eigi ekki að raða í bekki eftir getu. Hún segir að í blönduðum bekk sé hægt að nota kennsluaðferðir sem gera öllum nemendum fært að nýta sína hæfileika. Hún notfærir sér kenningar Gardners um fjölgreind og lærdómsþýramída Glassers, (sjá fylgiskjal 4). Hún notar samvinnunám þar sem hver einstaklingur getur verið virkur og lagt sitt til málanna. Guðrún hefur aldrei verið með nemendur sem tala ekki íslensku en hún hefur verið með nemendur sem hafa mismunandi færni í íslensku. Hennar reynsla er sú að þrátt fyrir að nemandi sé mjög stutt kominn í að læra íslensku þá geti hann gert sig skiljanlegan og skilið ýmislegt. Guðrún segir að það taki að meðaltali 5-7 ár að ná skólamálinu en henni finnst að með því að aðstoða erlenda nemendur og hjálpa þeim við að skilja, eigi þeir alveg að geta tekið þátt í vinnu bekkjarins. Allt sem gerir bekkinn hennar fjölmenningslegri er henni til ánægju. Guðrún telur allar kennsluaðferðir sem gefa öllum nemendum bekkjarins tækifæri til þess að tjá sig og leggja sitt til málanna góðar í kennslu blandaðra bekkja.

Sem kennarar í Austurbæjarskóla hafa bæði Nína og Guðrún fengið menntun í fjölmenningslegum kennsluháttum og tekið ýmis námskeið á vegum skólans. Guðrún hefur lokið diploma námi í fjölmenningu í Kennaraháskóla Íslands og Nína er í því námi núna.

## **Menntun kennara**

Til að grunnskólakennari fái starf við kennslu nemenda í móttökudeild þarf hann ekki að uppfylla nein sérstök skilyrði. Þá er átt við að kennari þurfi ekki að hafa lokið sérstöku námi til sérhæfingar. Þegar fyrstu nýbúadeildirnar, eins og þær voru nefndar í byrjun, tóku til starfa stóð væntanlegum nýbúakennurum ekki til boða að sækja nein sérstök námskeið til sérhæfingar í kennslu nýbúa í Kennaraháskóla Íslands.



Í dag er ekki skylda fyrir nema í grunnskólakennarafræðum að ljúka sérstökum námskeiðum sem eingöngu tengjast fjölmeningalegri kennslu eða íslenskukennslu fyrir þá nemendur grunnskólans sem hafa íslensku sem annað mál. Nokkur slík námskeið í framhaldsdeild voru í boði haustönn árið 2007 og vorönn árið 2008. Þessi námskeið báru nöfn eins og „Íslenska sem annað mál“, „Kennslufræði og fjölmening“, og „Einstaklingsmunur og kennsla“ í margbreytilegum nemendahóp. Þessi námskeið eru að sögn þjónustvers Kennaraháskóla Íslands vel sótt.

Þess má geta að InterCultural Ísland, býður upp á ýmis námskeið fyrir kennara og aðra áhugasama, t.d. í tengslum við fjölmeningarlega kennslu fyrir kennara á öllum skólastigum og fræðslu um ólík samfélög, fjölmeningarlega kennslu og kennslu blandaðra bekkja. Þessi námskeið hafa að sögn verið mjög vel sótt.

Háskóli Íslands býður upp á námsleið í fjölmeningarlegum kennsluháttum við kennslufræðideild skólans.

Hulda Karen Daníelsdóttir fræðsluráðgjafi sér að mestu leyti um fræðslu landsbyggðarinnar í sambandi við fjölmeningu og kennslu en hefur þó líka unnið með grunnskólum Reykjavíkur.

## **Kostir móttökudeilda**

Margir innflytjendur kjósa að setja börn sín í móttökudeild. Stærsti kostur móttökudeilda er sá að í þeim starfar fólk sem hefur í flestum tilvikum mikla reynslu og þekkingu á kennslu innflytjenda. Starfsfólkið veit hvernig er best að taka á þeim vandamálum sem upp koma og hvernig best að sé leysa þau. Nemendur og foreldra þeirra fá því mjög góða þjónustu. Síðustu 10-15 ár hefur safnast gífurleg reynsla og þekking á fjölmeningu hérlendis í þessum deildum og þ.á.m. kennslu innflytjenda. Þetta er mikill kostur þar sem fæstir skólar hafa markað sér stefnu í málefnum innflytjenda (Hulda Karen Daníelsdóttir 2008). Í móttökudeild er samfelld markviss íslenskukennsla þar sem nauðsynleg atriði eru kennd stig af stigi. Í móttökudeildum er nemendum skipt í smærri hópa en oftast tíðkast í almennum bekkjum og fá nemendur þess vegna meiri aðstoð og athygli en í venjulegum bekk. Kennari getur því gefið sér meiri tíma fyrir hvern nemanda og sinnt honum af kostgæfni. Þar af leiðandi getur kennarinn myndað sterkari tengsl við hvern og einn nemanda. Móttökudeildir hafa útbúið gátlista eða viðmiðunarlista sem þær vinna eftir. Segja má

að móttökudeildin sé nokkurs konar öruggt skjól eða hreiður fyrir nemandann fyrst um sinn og þangað er hægt að leita með öll hugsanleg vandamál sem kunna að koma upp. Þrátt fyrir að í flestum tilfellum fái nemandinn strax umsjónarkennara fyrsta daginn, hitti bekkjarfélagana og sé í bekk frá upphafi þá er þetta allt nýtt í augum nemandans og kannski allt öðruvísi en hann er vanur frá sínum heimaslóðum svo að það er ýmislegt sem þarf að vera vakandi yfir. Í móttökudeildina geta nemendur leitað með öll sín vandamál sama hversu mikil eða lítilvæg þau eru.

Samstarf heimilis og skóla er í tveimur af þremur skólum sem við rannsökuðum mjög gott og foreldrar geta auðveldlega fylgst með stöðu barna sinna og mega koma við í móttökudeildinni hvenær sem er.

Þær móttökudeildir sem við rannsökuðum hafa allar þróað gott móttökuferli fyrir innflytjendur sem gerir það að verkum að allar upplýsingar varðandi nemandann sem þurfa að koma fram komast fljótt og örugglega í hendur skólans og starfsmanna þeirra. Sömuleiðis fá foreldrar og nemendur upplýsingar um skólann og starf hans.

## Ókostir móttökudeilda

Helsti ókostur móttökudeilda er sá að oft á tíðum er of mikil aðgreining á nemendahópum. Móttökudeildir geta líka verið slæmar ef meira en 50% af nemendahópnum talar sama tungumálið. Ástæðan er sú að þörfin fyrir að læra íslenskuna verður minni.

Annar ókosturinn er sá að nemendur eru að sækja skóla utan síns hverfis og þurfa að fara langa leið í skólann. Það er erfitt fyrir nemendurna að mynda félagsleg tengsl við önnur börn og jafnaldrá í þeirra heimahverfi og þau verða utanveltu og jafnvel litin hornauga og eignast enga vini í sínu hverfi.

Í móttökudeild getur verið hætta á mikilli einangrun og samkvæmt rannsóknum Elisabeth Cohen getur félagsleg einangrun haft áhrif á námsárangur barna. Staða þeirra skiptir meginmáli. Barn getur átt erfitt með að eignast vini og mynda félagsleg tengsl við önnur börn ef barnið er mikið inni í móttökudeild án þess að fara í bekkjarstarf ef það talar tungumál sem enginn annar nemandi skilur.

Einnig er hætta á að sú þekking sem verður til í móttökudeild einskorðist við móttökudeildina.

Kennurum og jafnvel heilu skólunum finnst fint af hafa móttökudeild því þá er hægt að varpa allri ábyrgð á deildina og fría sig því vandamáli sem þeir telja skapast samfara innkomu innflytjenda í skóla. Samkvæmt skýrslu Huldu Karenar Daníelsdóttur er stór galli á skólakerfinu hversu fáir kennarar hafa áhuga á málefnum innflytjenda. Dæmi eru um að bekkjarkennarar sæki ekki námskeið sem eru í boði því þeim finnst þetta í höndum sérkennara. Þetta leiðir til þess að heilu skólarnir eru ekki í stakk búnir til að taka á móti innflytjendum og færni þeirra og þekking á vinnubrögðum sem henta innflytjendum er ábótavant. Einnig kemur fram í skýrslunni að margir skólar eiga eftir að marka stefnu í málefnum innflytjenda.

Dæmi eru um það að kennarar kynni sér ekki bakgrunn nemenda nægilega vel og viti ekkert um þeirra hagi eða hvaða siðir og trú eru í þeirra heimalandi.

Einnig er dæmi eru um það að kennarar móttökudeilda séu oft að hjálpa jafnvel foreldrum að fylla út alls kyns umsóknir og fleira sem hefur jafnvel ekkert með skólagöngu að gera sem leiðir til þess að minni tími fer í kennslu. Reynslan segir að aðskilnaður innflytjenda ýti undir staðalmyndir og fordóma ( Sirens, Sven 2000:9-12).

## Niðurstöður

Niðurstöður okkar eftir þessa vinnu eru þær að þekking og reynsla sem safnast hefur saman í móttökudeildum er gífurlega mikilvæg fyrir kennslu nemenda með íslensku sem annað mál. Hins vegar er mjög misjafnt hversu vel á veg starfið er komið í skólum. Okkar niðurstaða er því sú að mikilvægast sé að innflytjendur fari í þá skóla sem þekking, reynsla og viljinn til að gera vel er til staðar og einhver úrræði eru fyrir innflytjendur. Það eiga því ekki einungis að vera ákveðnir grunnskólar sem taka á móti börnum þeirra innflytjenda sem hingað koma heldur eiga allir skólar að geta tekið á móti þeim. Börnin eiga að geta hafið nám í þeim skóla sem þau, foreldrar þeirra og/eða forráðamenn kjósa óháð því hvort í skólanum sé sérstök móttökudeild sem tekur á móti þeim í ákveðinn tíma. Þetta kemur einmitt fram í tillögu til þingsályktunnar sem birt var nýverið eða nánar tiltekið þann 28.apríl 2008. Í áætlun um innritun og móttöku barna af erlendum uppruna í leik-, grunn-, og framhaldsskólum segir:

„Sérhver skóli geri áætlun um innritun og móttöku barna af erlendum uppruna sem taki mið af bakgrunni þeirra og færni í íslensku og móðurmáli, og eftir atvikum öðrum tungumálum, í þeim tilgangi að auðvelda nám, þátttöku og aðlögun að skólasamfélaginu“ (althingi.is).

Í dag eru allar líkur á því að kennarar þurfi að takast á við að kenna blönduðum bekk svo að þeir þurfa að hafa þekkingu á fjölmennningarlegri kennslu. Kennsla blandaðra bekkja kallar á breytta kennsluhætti eins og fram hefur komið í frásögnum kennara sem kenna blönduðum bekkjum. Okkur þykir því gífurlega mikilvægt að endurmeta grunnnám kennarabrautar Kennaraháskóla Íslands með tilliti til þess að Ísland er fjölmennningarlegt samfélag. Í dag er ekkert skyldufag sem tekur einungis á þessum málum í kennaranáminu.

Fjölmenningarstefna Reykjavíkurborgar hefur haft gríðarleg áhrif í málefnum innflytjenda en enn er langt í land í að allir skólar séu í stakk búnir til að taka á móti innflytjendum. Það vantar einfaldlega áhugann hjá skólastjórnendum og kennurum skólanna. Mörgum þykir þægilegt að hafa móttökudeildir til að geta beint nemendum í þær og fríað sig þannig allri ábyrgð. Mörgum sérkennurum finnst það á ábyrgð þeirra. Sér í lagi í þeim skólum sem ekki eru með móttökudeildir til að sjá um innflytjendur. Okkar niðurstaða er sú að áhugi kennara, undirbúningur og menntun sé of lítill. Samkvæmt skýrslu Huldu Karenar eru alltof fáir skólar búnir að marka sér

skýra stefnu í málefnum innflytjenda. Þessu verður að breyta. Mikið starf er unnið víðs vegar um landið og sér Hulda Karen Daníelsdóttir m.a. um fræðslu fyrir skólana. Hún er einmitt ein af þeim sem vinnur að því að endurgera handbók um móttöku innflytjenda í grunnskólum. Þetta frábæra framtak kemur til með að auðvelda allt móttökuferli. Með handbókinni geta starfsmenn skólanna líka fullvissað sig um að þeir séu að framkvæma hlutina í réttri röð og á réttan hátt. Með notkun handbókarinnar er einnig komið í veg fyrir að eitthvað mikilvægt í móttökuferlinu hreinlega gleymist. Þess má geta að það eina, sem Thomas Correa gat sett út á af sinni reynslu, var að honum fannst að spyrja hefði mátt fleiri spurninga um bakgrunn nemandans. Jafnframt var Thomas mjög ánægður með allt starf í Inngunarskóla. Ástæða þess að dóttir hans fór í hann frekar þangað heldur en í Austurbæjarskóla er aldursmunurinn og honum fannst hún hafa nægan tíma til að ná tökum á íslenskunni. Katarzyna Jolanta Kraciuk benti einnig á að frekara samráð milli foreldra og kennara væri jákvætt.

Að okkar mati er framboðið á námsleiðum, námskeiðum og fræðslu í fjölmenningarfræðum nægilegur. Austurbæjarskóli sem móðurskóli sinnir fyrirspurnum og fræðslu sé þess óskað. Að okkar mati er starfið í Austurbæjarskóla framúrskarandi á sviðum fjölmenningar. Nauðsynlegt er að koma á markvissu samstarfi milli allra skóla sem eru með fjölmenningarfræði að leiðarljósi. Þá er það okkar skoðun að þeir ættu að nýta sér þekkingu og reynslu hver annars. Mikilvægt er í því sambandi að koma af stað teymi fagráðgjafa sem getur farið á milli skóla og þjálfað kennara og starfsmenn skólanna í fjölmenningarlegum fræðum, kynnt fyrir þeim hvaða kennsluáferðir virka eða hafa virkað o.s.frv.

Við teljum markmið móttökudeildanna uppfyllt í þeim skólum sem við skoðuðum og starfið er mikið meira heldur en einungis innflytjendafræðsla. Hver skóli þarf að fara í sjálfskoðun, endurskoða skólanámskrána hjá sér og setja inn upplýsingar um kennslu í íslensku sem annað tungumál inni í almennum bekk og hvaða kennsluáferðir henta best hverju sinni. Mikilvægt er fyrir starfsfólk skólanna að starfa með opnum hug og temja sér víðsýni og sveigjanleika við nemendur, foreldra og forráðamenn.

Í nútímasamfélagi er ekki spurning um það hvort fjölmenningarkennsla er mikilvæg. Það þurfa allir að virða fjölbreytileikann og geta starfað með ólíkum einstaklingum á vettvangi, sama hvort það er í starfi, námi eða leik. Ísland er stöðugt að breytast og því verðum við að fylgja þróuninni. Þrátt fyrir mikilvægi

fjölmenningarlegrar kennslu er móttökudeild ekki endilega besti valkosturinn heldur er mikilvægt að innflytjendur fari í þann skóla sem hefur markað skýra stefnu í málefnum innflytjenda og hefur einhverja reynslu, þekkingu og vilja í farteskinu.

## Heimildaskrá

Abad, Juan de Vicente, Pat Brander, Carmen Cardenas, Rui Gomes, Mark Taylor. 2004. *Education pack: Ideas, resources, methods and activities for informal intercultural education with young people and adults*. Council of Europe, Hungary.

Aðalnámskrá grunnskóla. 2006. *Almennur hluti*. Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla. 2007. *Íslenska sem annað tungumál*.

Menntamálaráðuneytið.

<http://www.ismennt.is/vefir/namskra/g/islenska/nybuar/inngangur.html> [Sótt 15. febrúar].

Alþingi Íslands. 2007. *Lög um grunnskóla 1995 nr. 66*. 8. mars. Útgáfa 134. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1995066.html> [Sótt 2. febrúar].

Alþingi Íslands. 2008. *Tillaga til þingsályktunnar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda*. <http://www.althingi.is/altext/135/s/0836.html> [Sótt 28. apríl].

Anna Guðrún Júlíusdóttir. 2002. *Fjölmenningarvefur barna*.

<http://www.breidholtsskoli.is/fjolmenning/> [Sótt 5. febrúar].

Anna Guðrún Júlíusdóttir, Helgi Eiríksson, Jónína Lárusdóttir, Kristín Jóhannesdóttir, Lúðvíg Lárusson, Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir, Sigþór Magnússon, Þorsteinn Hjartarson. 2006. „*Greinargerð og tillögur starfshóps um skólagönguog frístundir barna af erlendum uppruna í Breiðholti*.“ Reykjavík.

[http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf/skjol/utgafur/grunnskolar/ymsarskyrslurogbaeklingar/Greinarger\\_og\\_tilloegur\\_starfsh\\_ps\\_um\\_sk\\_la\\_goengu3.pdf](http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf/skjol/utgafur/grunnskolar/ymsarskyrslurogbaeklingar/Greinarger_og_tilloegur_starfsh_ps_um_sk_la_goengu3.pdf) [Sótt 14. janúar].

Anna Guðrún Júlíusdóttir, Sigríður Ólafsdóttir. 2004. *Katla, námsgagna - og fræðsluvefur fyrir kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál*. [www.katla-is.net](http://www.katla-is.net) [Sótt 3. Febrúar].

Anna Kristín Sigurðardóttir, Ásgeir Beinteinsson, Friðbjörg Ingimarsdóttir, Hrefna Birna Björnsdóttir, Ingibjörg Hafstað, Jóhanna Haraldsdóttir, Ruth Magnúsdóttir, Þorgerður Guðmundsdóttir. 2000. *Stefna í málefnum barna með íslensku sem annað tungumáli grunnskólum Reykjavíkur-tillögur starfshóps*.  
[http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf\\_skjol/nyir\\_islendingar/Stefna\\_Born\\_Annad\\_modurmál.pdf](http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/nyir_islendingar/Stefna_Born_Annad_modurmál.pdf) [sótt 29. febrúar].

Armstrong, Thomas. 2001. *Fjölgreindir í skólastofunni*. JPV útgáfa, Reykjavík.

Austurbæjarskóli. 2007. *Heimasíða Austurbæjarskóla*.  
<http://www.austurbæjarskoli.is/> [sótt 17.janúar].

Bergþóra Valsdóttir, Lilja D. Alfreðsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Oddný Sturludóttir, Þorgerður L. Diðriksdóttir, Þorsteinn Hjartarson. „*Reykjavík – fjölmenningsborg barna*.“ Greinargerð vinnuhóps menntaráðs um málefni barna af erlendum uppruna í grunnskólum Reykjavíkurborgar.  
[http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf\\_skjol/nyirislendingar/kennsla/fjoelmenningsborg.pdf](http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/nyirislendingar/kennsla/fjoelmenningsborg.pdf) [Sótt 14. janúar].

Breiðholtsskóli. 2008. *Heimasíða Breiðholtsskóla*.  
[http://www.breidholtsskoli.is/fjolmenning/1/frodleikur\\_gamall\\_nyr/Throunarstarf\\_i\\_mottokudeild.htm](http://www.breidholtsskoli.is/fjolmenning/1/frodleikur_gamall_nyr/Throunarstarf_i_mottokudeild.htm) [sótt 23. febrúar].

Elsa Sigríður Jónsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson. 2007. *Fjölmennung á Íslandi*. Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan. Reykjavík.

Gannon, Mary. *Changing Perspectives: Cultural values, Diversity and Equality in Ireland and Wider World*. 2002. CDVEC Curriculum Development Unit, the National Consultative Committee on Racism and Interculturalism, and authors. Ireland.

Guðrún Kvaran. 2001. *Hvað er móðurmál?*  
<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=1546> [Sótt 20.febrúar 2008].



Félagsmálaráðuneyti. 2007. *Stefna um aðlögun innflytjenda*. [http://www.Felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna\\_um\\_adlogun\\_innflytjenda.pdf](http://www.Felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf) [sótt 26. mars 2008].

Guðrún Pétursdóttir. 2003. *Allir geta eitthvað, enginn getur allt*. Bókaútgáfan, Hólar.

Guðrún Pétursdóttir. 2004. “*Fjölmenningarleg hæfni – nauðsynleg í nútímasamfélagi*.” Málfríður. Bls 15-17. [http://malfridur.ismennt.is/haust2004/vol-20-2-15-17-gudrun\\_pjetursd.htm](http://malfridur.ismennt.is/haust2004/vol-20-2-15-17-gudrun_pjetursd.htm) [sótt 6. mars].

Guðrún Pétursdóttir. 1999. *Fjölmenningarleg kennsla, forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum*. Reykjavík.

Guðrún Pétursdóttir. 2006. „*Hvað er fjölmenningarhyggja? Verður hún að lokum til þess að allir í heiminum tilheyri sömu þjóðinni?*“. <http://visindavefur.is/?id=5746>. [Sótt 16.mars 2008].

Hagstofa Íslands. 2008. <http://www.hagstofa.is/?PageID=781&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO02103%26ti=Grunnsk%F3lanemendur+me%F0+erlent+m%F3%F0urm%E11+1998%2D2007+++%26path=../Database/skolamal/gsNemendur/%26lang=3%26units=Fjöldi/hlutfall> [sótt 29. febrúar].

Hanna Ragnarsdóttir. 2004. *Íslenskir skólar og erlend börn! Skólaþróun í fjölmenningarlegu samfélagi*. Tímarit um menntarannsóknir. Félag um menntarannsóknir, Kennaraháskóla Íslands. Reykjavík.

Hulda Karen Daniélsdóttir. 2008. *Nemendur sem eru innflytjendur og með sérkennsluþarfir: Menningarlegur fjölbreytileiki og sérkennsla*. [http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/skyrsla\\_innflytjendur\\_sertharfir.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/skyrsla_innflytjendur_sertharfir.pdf) [sótt 13.mars].

Hulda Karen Daniélsdóttir. 2008. Viðtal höfunda við Huldu Karen Daniélsdóttur um fjölmenningarlega kennslu og móttökudeildir á Íslandi, tekið 13. mars.

Ingvar Sigurgeirsson. 2004. *Hvað er einstaklingmiðað nám?*  
<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namskeid/fraedslumidstod/vefur/skilgreiningar.htm> [sótt 11.mars 2008].

Katarzyna Jolanta Kraciuk. 2008. Viðtal höfunda við Katarzynu Jolanta Kraciuk um skólagöngu bara sem fara ekki í móttökudeild, tekið 21. mars.

Kristín Eyþórsdóttir. 2008. Viðtal höfunda við Kristínu Eyþórsdóttur um kennslu innflytjenda í grunnskóla þar sem ekki er móttökudeild, tekið 13. mars.

Intercultural Iceland. 2008. <http://www.ici.is/> [sótt 23. janúar].

Nína V. Magnúsdóttir. 2008. Viðtal höfunda um kosti og galla móttökudeilda, tekið í febrúar.

Nýbúinn. 1997-1999. *Vefur í samstarfsverkefni þriggja landa í Socratesáætlun.*  
<http://hjallaskoli.kopavogur.is/nybuinn/nybuar/frettir/frettir1.html> [sótt 3.apríl].

Nýbúinn. 1997-1999. *Vefur í samstarfsverkefni þriggja landa í Socratesáætlun.*  
<http://hjallaskoli.kopavogur.is/nybuinn/kennsla/sveitafelag/sveita2.html> [sótt 3.apríl].

Páll Erlingsson. 2008. *Heimasíða Grunnskóla Grindavíkur.*  
<http://skolinn.grindavik.is/> [sótt 6. mars].

PBS. 2008. *Positive behavior support.* <http://www.pbs.org/schoolwide.htm> [sótt 11. mars].

Perotti, Antoni. 1994 *The case of intercultural education.* Council of Europe Press. Netherlands.

Ragnheiður Sigtryggisdóttir. 2008. Viðtal höfunda við Ragnheiði Sigtryggisdóttur um starf í móttökudeild, kostir og gallar, tekið í janúar.

Reykjavíkurborg. 2001. *Fjölmenningsstefna Reykjavíkurborgar*.  
[http://gamli.reykjavik.is/default.asp?cat\\_id=272](http://gamli.reykjavik.is/default.asp?cat_id=272) [sótt 9. janúar].

Reykjavíkurborg. 2007. *Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum 2007*.  
[http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf\\_skjol/starfsaetlanir/MENNT\\_stefna050207\\_net.pdf](http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/starfsaetlanir/MENNT_stefna050207_net.pdf) [sótt 14. janúar].

Reykjavíkurborg, menntasvið. 2008. *Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum 2008*.  
[http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf\\_skjol/stefnur/Stefna\\_i\\_menntamalum\\_2008.pdf](http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/stefnur/Stefna_i_menntamalum_2008.pdf) [sótt 10. mars].

Sierens, Sven. 2000. *Us them ours*. Steunpunt Intercultureel Onderwijs, Universiteit Gent, Belgum.

Sigþór Magnússon. 2008. Viðtal höfunda við Sigþór Magnússon um kosti og galla móttökudeilda, tekið 16. febrúar 2008.


Twigg, Stephen. 2004. *Aiming High: Understanding the Educational Needs of Minority Ethnic Pupils in Mainly White Schools*. DfES Publications, England.  
[http://www.standards.dfes.gov.uk/ethnicminorities/links\\_and\\_publications/Isolated\\_E MPs\\_May04/Isolatedpupilsgcd04.pdf](http://www.standards.dfes.gov.uk/ethnicminorities/links_and_publications/Isolated_E MPs_May04/Isolatedpupilsgcd04.pdf) [sótt 23. janúar].

Thomas Correa. 2008. Viðtal höfunda við Thomas Correa um hvernig er að eiga barn í móttökudeild? Tekið 20. mars.

“Umbætur í nýbúakennslu.” - *fréttabréf menntamálaráðuneytisins*. 1. tbl. 1994.  
Slóðin er <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/Frettabref/nr/1284> sótt [10. mars]


Wrigley, Terry. 2000. *The power to learn*. Trentham books, USA/England.

## Fylgiskjöl




Fylgiskjal 1. Fjölgun innflytjenda á Íslandi 1998-2008.


## Fjöldi nemenda með erlent móðurmál í grunnskólum landsins haustið 2007



Fylgiskjal 2. Fjöldi nemenda með erlent móðurmál í grunnskólum landsins haustið 2007.



Fylgiskjal 3. Fjöldi nemenda á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni haustið 2007.



Fylgiskjal 4. Lærdómspýramídi Glassers. Fyrir ofan rauðu línuna er kennarinn virkur, hann talar, sýnir og hlýðir yfir. Nemandinn óvirkur. Fyrir neðan rauðu línuna er nemandinn virkur og kennarinn leiðbeinandi. „ Samkvæmt Glasser á mestur lærdómur sér stað þegar nemendur útskýra hver fyrir öðrum.“ (Guðrún Pétursdóttir 2003:22)

